



Staða og framtíð sjávarorkunýtingar í ljósi orkuskipta og orkuöryggis

Úrval úr greinargerðum alþjóðastofnana og vísindamanna
ásamt yfirliti um tækniþróun og nýtingarmöguleika á Íslandi

Inngangur

Sjávarorka í öllum sínum myndum er gríðar umfangsmikil auðlind, eins og fram kemur í eftirfarandi gögnum. Þessi mikla auðlind hefur samt enn nánast ekkert verið nýtt til raforkuframleiðslu. Ástæðan er helst sú að mönnum hefur þótt önnur orkuöflun nærtækari og fyrirhafnarminni. Þannig er það vissulega nærtækt þjóðum sem búa yfir jarðefnaeldsneyti s.s. kolum, olíu og gasi, að framleiða raforku með brennslu. Öðrum þjóðum er slíkt einnig arðbært, sem geta keypt þannig eldsneyti á hagstæðu verði. Okkur Íslendingum hefur fundist hagkvæmt að framleiða raforku með vatnsaflsvirkjunum og gufu og stært okkur vegna minni áhrifa þess á loftslag heims, en litið um leið framhjá öðrum umhverfisáhrifum.

Rótgrónir hagsmunir orkufyrirtækja. Í skjóli þessarar hefðbundnu raforkuframleiðslu hafa myndast hefðir og siðir sem erfitt er að breyta; góðir og slæmir. Vegna hinna gríðarlegu fjármálaumsvifa sem tengjast virkjun og orkusölu hafa myndast öflug kerfi; hagsmunatengsl sem samtinnast opinberum stjórnkerfum: Aðilar tengdir orkuvinnslu og orkusölu hafa sterk ítök í stjórnkerfinu og eru allsráðandi í allri stefnumótun framkvæmdavaldsins. Nauðsynlegt er að hafa þetta í huga við alla umræðu um þær breytingar á fyrirkomulagi orkuöflunar og orkusölu sem ohjálkvæmilega verða á næstu árum. Andstöðu hagsmunaaðila gegn breytingum má líkja við tregðu risaolíuskips við að taka krappa beygju. Engum eru þessar staðreyndir betur ljósar en þeim sem lengi hefur beitt sér fyrir nýjungum í raforkuframleiðslu, líkt og Valorka hefur unnið að í meira en áratug. Barátta við fordóma kerfisins er mun erfiðari en þróunarvinnan sjálf.

En breytinga er þörf; um það eru öll heimsríki núna sammála. Ef mannkynið ætlar ekki að tortíma sjálfu sér og umhverfi sínu þarf að taka „krappa beygju“ í framleiðslu raforku og öðru sem lýtur að orkumálum. Þessu hafa vísindamenn haldið fram um nokkurn tíma, en það er ekki fyrir en nakinn raunveruleikinn birtist almenningi og stjórnmalamönnum, t.d. í formi hækkandi sjávarstöðu, loftteitrunar, súrnunar sjávar og mannskæðra illviðra, að loksins næst samkomulag um breytta hegðun. Parísarsamkomulagið var undirritað af nánast öllum ríkjum heims og það höfum m.a. við Íslendingar undirgengist.

Parísarsamkomulagið er tvíþætt. Það skuldbindur Íslendinga, líkt og aðar þjóðir til þess annars vegar að minnka losun gróðurhúsalofttegunda með raunhæfum aðgerðum; og hinsvegar að styðja við tækni sem er til þess fallin að minnka losun á heimsvísu (m.a. í 10.gr).

Brot á Parísarsáttmálanum. Íslensk stjórnvöld hafa þegar sýnt nokkra viðleitni til stefnumótunar gagnvart fyrri þættinum en alls enga ennþá varðandi hinn þáttinn. Ekki er á hann minnst í nýrri aðgerðaaáætlun ríkisstjórnarinnar né heldur í gerðum stjórnvalda, eins og viðhorf til verkefna Valorku bera vott um og lýst verður hér síðar. Hér er um skýrt brot á Parísarsamkomulaginu að ræða.

Stjórnarsáttmáli sitjandi ríkisstjórnar gefur fyrirheit um stefnumótun, bæði á sviði orkumála og nýsköpunar, með markmið Parísarsáttmálans að leiðarljósi. Ef þau markmið eiga að nást þarf mörgu að breyta í hinu staðnaða stjórnkerfi á þessum sviðum. Þessi markmið munu ekki nást ef þau hagsmunaaöfl ráða ferðinni sem hafa djúpar rætur í stórum orkufyrirtækjum og hafa komið sér vel fyrir við „kjötkatla“ stjórnkerfis og almannaþjór.

Skýrslubeiðni Alþingis. Sumar aðgerðir auka þó von um bjartsýni, og sumir virðast víðsýnni í hugsun en aðrir. Á vorþingi 2018 var samþykkt skýrslubeiðni nokkurra þingmanna til ráðherra orkumála „um nýjar aðferðir við orkuöflun“, á þann hátt að skýrslan falli að mótun nýrrar orkustefnu. Skýrslan skyldi taka til þriggja þátta; nýtingu vindorku, sjávarorku og varmaorku með varmadælum. Í tilfelli sjávarorku skyldi lýst helstu leiðum; gerð grein fyrir íslenskum verkefnum; fjallað um heppileg orkuvinnslusvæði og lagt mat á möguleika orkunýtingar hérlendis.

Ráðuneytið gætir hagsmuna stórfyrirtækja en sniðgengur Valorku. Í ljósi þess að Valorka hefur verið eini aðilinn hérlendis í þróun sjávarorkutækni; hefur ítrekað kvartað yfir skorti á stefnumótun, og býr yfir víðtækari gagnagrunni á þessu sviði en aðrir hérlendis, bar ráðuneytinu augljós skylda til að hafa samráð við fyrirtækið við vinnu skýrslunnar. Það var ekki gert og loforð skrifstofustjóra ráðuneytisins um það var svikið; ekkert samráð var haft. Fyrst að loknum skilafresti ráðuneytisins barst Valorku uppkast að kafla varðandi sjávarfallaorku. Þá kom í ljós að ráðuneytið hafði unnið skýrsluna í nánu samstarfi við aðila sem hafa beitt sér gegn verkefnum Valorku, t.d. Nýsköpunarmiðstöð Íslands; Orkustofnun og Landsvirkjun gegnum Samorku. Valorka var ekki í samráðshópnum. Lítið sem ekkert er minnst á verkefni Valorku og flest af því eu ósannindi. Valorka gerði þegar athugasemdir og mótmælti því harðlega að svo villandi skýrsla væri lögð fyrir Alþingi. Því sinnti ráðuneytið í engu, heldur lagði skýrsluna fyrir Alþingi; án tillits til athugasemda Valorku.

Rangfærslur og fordómar í garð sjávarorku koma fram í þessari skýrslu ráðuneytisins til Alþingis. Öll miðar hún að því að gera lítið úr möguleikum og fýsileika sjávarorkunýtingar hérlendis en upphefja um leið hefðbundnar orkuvinnsluaðferðir og líta framhjá ókostum þeirra. Til þess er notað gildishlaðið orðalag sem vart verður nefnt annað en fordómar og sleggjudómar; þröngsýnt val á þeim örfáu heimildum sem til er vitnað; órökstuddar staðhæfingar og víða höfð uppi hrein ósannindi. Ekki er unnt að líta á skýrsluna sem þá hlutlausu úttekt og upplýsingaveitu sem Alþingi ætlaðist til með skýrslubeiðni sinni. Óhjákvæmilegt er að líta á skrif ráðuneytisins, líkt og fleira sem frá því hefur komið, sem hagsmunagæslu í þágu stórra orkufyrirtækja og þeirra sem mestan hag hafa af óbreyttum viðhorfum í orkumálum. Hér er um valdniðslu að ræða í garð Valorku og fordóma gagnvart sjávarorku, af hendi þessa æðsta framkvæmdavalds sem ber að gæta jafnræðis.

Alvarlegar afleiðingar. Ljóst er að það mun hafa alvarlegar afleiðingar, verði skýrsla ráðuneytisins lögð til grundvallar stefnumótun í orkumálum. Afleiðingarnar gagnvart Valorku og öðrum þróunarverkefnum verða þær að verkefnið leggjast af. Þau verður ekki unnt að stunda þegar eðlilegum stuðningi samkeppnissjóða stjórnvalda sleppir. Með því verður fórnað því gullna tækifæri sem nú býðst Íslendingum til að ná forystu í tækni á fyrirsjáanlega umfangsmiklum framtíðarmarkaði hreinorku. Mun alvarlegri eru afleiðingarnar gagnvart hagsmunum framtíðarkynslóða; þar sem Ísland mun dragast aftur úr öðrum þjóðum í nýtingu hreinna orkuauðlinda sjávar og engin úrræði verða tryggð þegar frekari vatnsafls- og gufuafsvirkjanir verða bannaðar vegna umhverfisáhrifa sinna. Um leið og Valorka leggur hér fram skýrslu byggða á beinum tilvitnunum í færustu fræðimenn fer Valorka um leið fram á það við Alþingi að hún verði lögð til grundvallar; ekki síður en skýrsla ráðuneytisins.

Þessi samantekt er unnin í þeim tilgangi að koma sem sönnustum upplýsingum til þeirra sem fjalla um málefni sjávarorkunýtingar; einkum þeirra sem móta stefnu um rannsóknir og nýsköpun á því sviði. Viðhorf ráðuneytisins er því miður ekki einsdæmi. Þeim sem kynna sér framgang verkefnis Valorku frá upphafi verður fljótt ljóst hve skilningleysi, fálæti og jafnvel hrein andúð stjórnkerfisins og stofnana þess hefur haldið aftur af verkefninu og oftsinnis teflt því í tvísýnu.

Beinar tilvitnanir í niðurstöður alþjóðastofnana og fræðimanna. Til að gæta hlutleysis í lengstu lög, er í þessari samantekt ekki gerð tilraun til að þýða erlendar tilvísanir af frummálinu, heldur fá efniskaflar að halda sér óbreyttir. Í þeirri viðleitni að gefa sem sannasta mynd af stöðunni er hér vitnað í þá aðila sem trúverðugastir hljóta að teljast; annarsvegar alþjóðastofnanir á viðkomandi sviðum og hinsvegar virta fræðimenn, sem í flestum tilfellum hafa sérmenntað sig á viðkomandi sviði og skrifa í nafni virtra háskóla eða annarra fræðastofnana. Eina efnið sem ritað er frá brjósti undirritaðs er það sem viðkemur verkefnum Valorku ehf, enda er þar engum kunnugri til að dreifa.

Valdimar Össurason
framkvæmdastjóri Valorku ehf

Efni:

Kafli 1	Umfang sjávarorku heims og flokkun nýtingaraðferða	
1.1.	Umfang sjávarorku á heimsvísu	7
1.2.	Aðferðir til nýtingar sjávarorku	8
1.3.	Flokkun sjávarfallavirkjana	8
1.4.	Sjöföldun orkunýtingar með hægstraumshverflum	9
1.5.	Úr öðrum skýrslum og fræðigreinum um efnið	10
Kafli 2.	Verkefni til nýtingar sjávarfallaorku	
2.1.	Nokkrar stærstu sjávarfallavirkjanir heims	14
2.2.	Helstu þróunaraðilar skrófuhverfla (sundavirkjana).....	15
2.3.	Hægstraumshverflar (strandvirkjanir)	16
2.4.	Úr skýrslum og fræðigreinum um efnið	17
Kafli 3.	Hagkvæmni nýtingar sjávarfallaorku	
3.1.	Þróun nýfjárfestinga og orkuframleiðsla	21
3.2.	Kostnaðarmat WEC	22
3.3.	Mat IEA-OES á kostnaðarþáttum	23
3.4.	Spá Rannsóknamiðstöðvar ESB	31
3.5.	Lausnir til framleiðslujöfnunar	32
3.6.	Aðrar skýrslur og fræðigreinar um efnið	33
Kafli 4.	Umhverfisáhrif sjávarfallaorkuvera	
4.1.	Samanburður umhverfisáhrifa orkuvera	40
4.2.	LCA-greiningar vegna sjávarorkuvirkja	41
4.3.	Áhrif sjávarfallavirkjana á setflutninga	45
4.4.	Áhrif á lífríki og aðrir umhverfisþættir	47
Kafli 5.	Stefnumótun varðandi sjávarorkunýtingu	
5.1.	Aukin áhersla á sjávarorkunýtingu	48
5.2.	Stefnumótun Evrópusambandsins	49
5.3.	Úr öðrum skýrslum og fræðigreinum	51
Kafli 6.	Nýtingarmöguleikar sjávarorku við Ísland	
6.1.	Áætlað umfang sjávarfallaorku við Ísland	54
6.2.	Íslensk verkefni í sjávarorku	58
6.3.	Verkefni Valorku ehf	59
6.4.	Álit fræðimanna um kosti strandvirkjana	63
Kafli 7.	Viðhorf og stefnumótun íslenskra stjórnvalda	
7.1.	Stjórnkerfi mótað af hagsmunum og kreddum	67
7.2.	Tækifæri í hættu vegna skorts á stefnumótun	70
Kafli 8.	Samandregnar niðurstöður	72

Helstu heimildir:

Tilvitnanir í heimildir eru orðréttar og á frummálinu. Til glöggvunar og hægðarauka fyrir lesendur er texti Valorku í svörum lit en texti úr skýrslum annarra er litaður. Lesendur eru hvattir til að „gúggla“ heimildirnar undir tilvitnuðum heitum og kynna sér þær í heild sinni; milliliðalaust.

- a) **Valorka ehf:** Ýmislegt útgefið efni. T.d skýrsla 2018: „**Staða þróunar í sjávarorkutækni; knýjandi þörf og ný markaðstækifæri**“ og skýrslan „**Sjávarfallaorka og hagsmunir Íslendinga**“, útg 2011. Einnig ársskýrslur Valorku og greinargerðir.
- b) **IPCC:** Intergovernmental Panel on Climate Change, -Alþjóða loftslagsráðið-, er byggt á grunni Alþjóða veðurfræðistofnunarinnar WMO og Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna UNEP og er heimsríkjum til leiðsagnar um umhverfismál og stefnumótun á því sviði. M.a. byggir Parísarsamkomulagið á ráðgjöf IPCC. Árið 2012 birti ráðið skýrsluna „**Renewable Energy sources and Climate Change Mitigation**“.
- c) **Ren 21:** „**A comprehensive annual overview of the state of renewable energy**“: Global Status Report 2018. Ren 21 er alþjóðlegt net stofnana, s.s. IEA; IRENA; UN Environment; World Bank og fleiri; auk fjölmargra hagsmunasamtaka einstakra viðkomandi greina; stórra fræða- og rannsóknastofnana og stjórnvalda 10 stórra iðnríkja. Að skýrslugerðinni komu yfir 900 sérfræðingar.
- d) **IEA-OES:** International Energy Agency; Alþjóða orkustofnunin; samstarfsvettvangur rösklega 30 ríkja, ásamt fræðastofnunum. Innan IES starfar deild um sjávarorku; Ocean Energy Systems. Undir verkefnaflokknum TCP (Technology Collaboration Programmes) er sérstaklega haldið utanum samvinnuverkefni þróunar. Vísað er í ýmislegt útgefið efni þessara stofnana, en einkum „**OES Annual report; Ocean Energy Systems 2016**“. Stofnunin hefur einnig gefið út eftirfarandi greiningarskýrslur sem hér er vitnað til: A. Um umhverfisáhrif sjávarfallavirkjana: „**The state of knowledge for environmental effects**“. B. Um stöðu regluverks, stefnumiða og leyfisveitinga 2015; „**Consenting processes for ocean energy on OES member countries**“. C. Um kostnaðarmat vegna sjávarorkuvera 2015: „**International levelised cost of energy for ocean energy technologies**“. Fullyrða má að þessar skýrslur; hver á sínu sviði, gefi hvað sannferðugasta mynd af stöðu sjávarfallavirkjana sem unnt er, í ljósi þróunarstigs tækninnar og fárra gagna. Skýrslurnar má finna í heild undir sínu nafni á internetinu.
- e) **IRENA:** The International Renewable Energy Agency er alþjóðleg stofnun sem fjölmörg heimsríki eru aðilar að. Hlutverk stofnunarinnar er að leiða orkuframleiðslu og orkunotkun í átt til sjálfbærni. IRENA gaf árið 2018 úr skýrsluna „**A Roadmap to 2050**“.
- f) **WEC:** World Energy council; Alþjóða orkuráðið, sem Íslendingar eiga aðild að, ásamt um 90 öðrum ríkjum. Áhrifamikil samtök, þar sem hagsmunaaðilar í hefðbundinni orkuframleiðslu hafa mikil ítök; ýmist með beinni aðild eða gegnum sín stjórnvöld. Margt í efni og ráðleggingum stofnunarinnar ber merki um þá hagsmunagæslu og því þarf að taka því með nokkrum fyrirvara sem hún segir varðandi möguleika nýrra orkuöflunaraðferða s.s. sjávarorku. Hér er m.a. litið til skýrslu WEC um sjávarorku; „**World Energy Resources; Marine energy 2016**“.
- g) **ESB; JRC:** Ocean Energy Forum er samráðsvettvangur stofnana, sérfræðinga og hagsmunaaðila á sviði sjávarorku. Árið 2016 gaf stofnunin út vandað yfirlit um fjöldamargt sem varðar stefnumótun á þessu sviði; „**Ocean Energy Strategic Roadmap**“. Joint Research Centre er vísinda- og rannsóknamiðstöð Evrópusambandsríkja, en þar starfar deild á sviði orku, samgangna og loftslagsáhrifa. Árið 2016 gaf stofnunin út skýrslu um stöðu sjávarorku: „**JRC Ocean energy status report, 2016 edition**“.
- h) „**Evaluation and comparison of the levelised cost of tidal, wave and offshore wind energy**“. Grein í „Journal of Renewable and sustainable energy“ í september 2015, eftir Sharay Astaritz hjá háskólanum í Santiago de Compostela; A. Vasquez hjá sama

háskóla, og Gregorio Iglesias hjá háskólanum í Plymouth. Áhugaverð og trúverðug rannsókn á orkuverði þessara þriggja orkuöflunarleiða. Sýnir allt aðrar niðurstöður en þær skýrslur hagsmunaaðila sem anr kýs að vitna til í sinni skýrslu.

- i) **„Marine renewable energy in Canada; 2018 state of the sector report“**. Skýrsla MRC; Marine Renewables Canada, sem er stofnun með aðild þarlandra stjórnvalda, hagsmunaaðila og fræðasamfélags. Skýrslan fjallar að mestu um kanadíska hagsmuni á þessu sviði, en einnig málefni sjávarorku almennt.
- j) **„Resource assessment for future generations of tidal-stream energy arrays“**. Stórmerk fræðiritgerð útg. 2015, eftir M. Lewis; S.P. Neill; P.E Robins og M.R. Hashemi, sem allir starfa hjá School of Ocean Sciences; Bangor háskóla í Bretlandi. Þar er athygli beint að þeirri aukningu orkunýtingar sjávarfallastraums sem næst fram með hægstraumshverflum; eða því sem þeir kalla „2nd and 3rd generation tidal turbine arrays“. Niðurstaðan sýndi a.m.k. sjöföldun afls á viðkomandi svæði.
- k) **„Current tidal power technologies and their suitability for applications in coastal and marine areas“**. Fræðiritgerð útg. 2018, þar sem athyglinni er einkum beint að aðferðum til nýtingar sjávarfallarasta í grunnsjó; og þá einkum kostum minni virkjana. Hér er á ferð einkar gagnlegt innlegg í mótun íslenskrar orkustefnu, sem rennir um leið veigamiklum fræðilegum stoðum undir verkefni Valorku. Höfundarnir eru A. Roberts; B. Thomas; P. Sewell og Z. Khan, sem starfa m.a. við Faculty of Science and Technology og Bournemouth háskóla. Einnig S. Balmann og J. Gillman sem starfa við Balman Environmental Trust.
- l) **„Tidal energy leasing and tidal phasing“**. Fræðiritgerð útg. 2018 um kosti þess að nýta tímamismun sjávarfalla með nettengingu til að jafna út sveiflur vegna fallaskipta. Slík jöfnun á ekki síður við hér á Íslandi en í Bretlandi, sem þessi rannsókn beinist einkum að. Hefur oft sinnis verið á það bent í skýrslum Valorku. Höfundar eru P. Neill og Matt J. Lewis hjá School of Ocean Sciences; Bangor University, ásamt M. Reza Hashemi hjá University of Rhode Island.
- m) **„Current status and future of ocean energy sources; a global review“**. Fræðiritgerð útg. 2018; yfirlit um stöðu sjávarorkutækni eftir Mehmet Melikoglu hjá Gebse Tækniháskólanum í Tyrklandi.
- n) **„Life Cycle Assessment (LCA) of a marine current turbine for cleaner energy production“**. Fræðiritgerð útg. 2018 eftir Fausto Cavallaro hjá háskólanum í Molise, Ítalíu; og Domenico Coiro hjá háskólanum í Napolí. Gerð er LCA greining á gegnumstreymishverflinum Kobold, sem verið hefur í tilraunarekstri í Messínasundi um nokkurn tíma. Þó hverfill Valorku sé all frábrugðin gerð gegnumstreymishverfils eru niðurstöðurnar mjög áhugaverðar, og mun trúverðugri en þær greiningar sem taka mið af tröllauknum skrúfuhverflum.
- o) **„Impact of tidal-stream arrays in relation to the natural variability of sediment processes“**. Fræðiritgerð útg. 2014 eftir Peter E. Robins, Simon P. Neill og Matt J. Lewis hjá School of Ocean Sciences; Bangorháskóla. Fjallar um rannsóknir á áhrifum sjávarfallahverfla á setrof og setflutninga.
- p) **„Tidal and Current Energy Resources in Ireland“**. Skýrsla SEAI (Sustainable Energy Authority of Ireland) frá árinu 2010 um mat á sjávarorkuauðlindum við Írland. Hér er á ferð mjög áhugaverð skýrsla, sem sýnir á skýran hátt hið gríðarlega umfang orkuauðlinda við landið. Niðurstöðurnar má ágætlega yfirfæra á Ísland, enda aðstæður um margt líkar.
- q) **„Sabella installs tidal turbine coupled with battery storage kit“**. Grein okt 2018 í veftímaritinu „Marine Energy.biz“, sem er öflugur þekkingamiðill á sviði sjávarorku.

Kafli 1 Umfang sjávarorku heims og flokkun nýtingaraðferða

1.1. Umfang sjávarorku á heimsvísu

Eins og sjá má á heimildum liggur ekkert áreiðanlegt mat fyrir varðandi umfang nýtanlegrar sjávarorku. Til þess mats skortir enn allar forsendur, m.a. þar sem tækni er enn öll á þróunarstigi. IES áætla að sjávarorka gæti mætt allri orkuþörf heimsins; um 20.000 TWst, væri tækni tiltæk til nýtingar. Aðrir fræðimenn telja að umfangið sé yfir 100.000 TWst (MREC). Sama heimild áætla að árið 2050 muni raforkuframleiðsla frá sjávarorku nema 748 GW, og að árið 2030 muni hún skapa 160.000 bein störf. Þegar við þetta bætist að sjávarorku má nýta með mun minni umhverfisáhrifum en aðra orkukosti, og hillir undir samkeppnishæfar lausnir, hlýtur það að vera í forgangi allra ríkja og frumkvöðla að ná tökum á nýtingu þessara jarðargæða. Með nýrri tækni margfaldast umfang nýtanlegrar orku. Rétt er að vekja athygli á fræðigreini á blaðsíðu 9; „**Resource assessment for future generations of tidal-stream energy arrays**“, þar sem sýnt er framá að með notkun „3.kynslóðar“ sjávarfallahverfla má sjöfalda þá sjávarfallaorku sem hingað til hefur verið talin nýtanleg. Hverfill Valorku er komin lengst í þróun 3.kynslóðarhverfla.

Mat IEA-OES á umfangi og mikilvægi sjávarorku:

The OES TCP estimates that if deployed worldwide, ocean technologies could meet the world's current electricity demand of close to 20 000 TWh.

ESB: „Ocean Energy Strategic Roadmap“:

Ocean Energy Forum er samráðsvettvangur stofnana, sérfræðinga og hagsmunaaðila á sviði sjávarorku. Árið 2016 gaf stofnunin út vandað yfirlit um fjöldamargt sem varðar stefnumótun á þessu sviði. Þar má m.a. sjá þetta:

Ocean energy is abundant, geographically diverse and renewable. Under favourable regulatory and economic conditions, ocean energy could meet 10 % of the European Union's (EU) power demand by 2050. Europe's seas and oceans could therefore play an important role in addressing one of the EU's biggest current challenges; an energy transition from a system based on imported fossil fuels to a flexible and interconnected system based on clean, renewable and infinite domestic resources.

The industry association, Ocean Energy Europe, estimates that 100GW of wave and tidal energy capacity can be deployed in Europe by 2050. This industry target is consistent with recent studies on the practical deployment potential of ocean energy in Europe. The global market for ocean energy could see 337GW of installed capacity by 2050, a third of this would be in Europe.

Today 45 % of wave energy companies and 50 % of tidal energy companies are from the EU. The EU is in need of industrial success stories, and ocean energy can be one. The right support over the coming decade will enable Europe to maintain leadership in a global market, worth a potential €653bn in investments between 2010 and 2050, and an annual market of up to €53bn, hugely benefiting the European economy.

„Marine renewable energy in Canada; 2018 state of the sector report“:

Skýrsla MRC; Marine Renewables Canada, sem er stofnun með aðild þarlandra stjórnvalda, hagsmunaaðila og fræðasamfélags. Skýrslan fjallar að mestu um kanadíska hagsmuni á þessu sviði, en einnig málefni sjávarorku almennt.

Theoretical estimates for global MRE potential indicate resources exceeding 100,000 terawatt hours (TWh) of electricity, equal to the power needs of over 8 billion Canadian households¹ – more than the current power demands of the entire planet. ...

„The emerging market is significant, with the International Energy Agency's Ocean Energy Systems estimating that there is the potential to develop 748 GW of ocean energy by 2050, resulting in 160,000 direct jobs by 2030“.

The global resource potential for MRE is significant: water covers approximately 71% of the earth's surface. Theoretical estimates for tidal energy show that there could be up to 1,200 terawatt hours (TWh) of electricity potential, while wave resources present up to 29,500 TWh of potential.

1.2. Aðferðir til nýtingar sjávarorku

Flokka má aðferðir til nýtingar sjávarorku í fjóra meginflokk.

- **Ölduvirkjanir**, þar sem nýtt er hreyfiafl öldu á yfirborði sjávar. Gríðarleg orka er víða í heimshöfum á þessu formi, t.d. við Íslandsstrendur; einkum suðurströndina. Margar aðferðir eru í þróun og sumar hafa komist í tilraunarekstur. Ekki hefur enn tekist að leysa helsta vandamálið, sem er eyðileggingamáttur bárunnar í versta sjólagi.
- **Sjávarfallavirkjanir**, sem einnig eru í þróun í ýmsum flokkum. Umfang sjávarfallaorku er mikið í heimshöfunum, en hún er helst nýtanleg við strendur þar sem straumurinn hraðast vegna hindrana. Nánar hér síðar.
- **Hitastigulsvirkjanir (OTEC)**, sem nýta mikinn hitamismun yfirborðssjávar og djúpsjávar. Til þess þarf stórar og dýrar virkjanir, en þær eru ekki starfhæfar utan miðbaugssvæða jarðar.
- **Seltumunarsvirkjanir (osmosis)**, sem nýta seltumun sjávar og ferskvatns á þann hátt að auka þrýsting í gleyppnum himnum. Enn á algeru byrjunarstigi og án teljandi afkasta.

Hér verður sjónum einkum beint að virkjun sjávarfalla, þó aðrar aðferðir berist í tal, enda liggja íslenskir hagsmunir fyrst og fremst á því sviði um þessar mundir.

1.3. Flokkun sjávarfallavirkjana

Sjávarfallavirkjanir má flokka í þrennt eftir nýtingarstöðum, straumþunga og umhverfisáhrifum:

- I. **Stífluvirkjanir.** Þá er stíflað sund eða þröngur fjörður og virkjuð fallhæð sem sjávarföllin orsaka. Notaðir eru hefðbundnir hverflar, t.d. af kaplan-gerð. Þessu fylgja oftast veruleg umhverfisáhrif, bæði vegna mannvirkja, en aðallega vegna uppsöfnunar ferskvatns, breyttra strauma og umbyltingar í lífríki. Af þessari gerð er elsta og stærsta sjávarfallavirkjun heims; La Range í Frakklandi. Hún tók til starfa 1968 og framleiðir 240 MW. S-Kórea hefur nú byggt stærri stífluvirkjun.
- II. **Sundavirkjanir.** Þær nýta straumþunga í þröngum sundum í fjarðarmynnum eða milli eyja; straumur þar getur orðið allverulegur eða milli 2 og 6 m/sek. Þar er því töluverð orkuþéttni og unnt að beita skrúfuhverflum sem er vel þekkt tækni. Þessi sund fyrirfinnast á nokkrum stöðum, t.d. héraðs í Röst í Hvammsfirði. Flestöll þróunarverkefni í sjávarorku núna beinast að lausnum á þessu sviði. Kostur þeirra er hin mikla orkuþéttni en ókostir einkum þeir að virkjanastaðir eru tiltölulega fáir; virkjanir þurfa að vera mjög sterkbyggðar og dýrar og umhverfisáhrif eru veruleg af þeim flestum.
- III. **Strandvirkjanir.** Hér er um að ræða sjávarfallastrauma við annes, en þeir eru vanalega töluvert hægari en þeir sem áður eru nefndir; oft undir 1 m/sek og með minni orkuþéttni. Hinsvegar eru þetta mjög víðfeðm svæði og algeng víða um heim, þannig að tæknilausnir sem væru nægilega hentugar og hagkvæmar ættu gífurlega markaðsmöguleika; jafnvel þó margar kæmu fram á sama tíma. Með því að hafa virkjunina alveg undir yfirborði má forðast eyðingar afl öldunnar; forðast árekstra á siglingaleiðum; útiloka sjónmengun og hafa virkjanirnar léttari, stærri og hagkvæmari. Með þessu móti má nýta orku þessara víðfeðmu svæða án nokkurra þekktra umhverfisáhrifa eins og áður er rakið. Við svo lítinn straumhraða er hagkvæmara að nota aðra hverfla en skrúfuhverfla.

Hverflar Valorku, einu íslensku hverflarnir sem komnir eru langt í þróun, eru í flokki strandvirkjana. Frá upphafi verkefnisins hefur verið leitað lausna til að nýta á

hagkvæman hátt orkuna í hinum víðfeðmu straumasvæðum við strendur; einkum þar sem fallastraumur hraðast við annes upp í ca 0,5 til 2,5 m/sek. Til að ná þeim markmiðum þarf hverfillinn að vera með stórt viðnámsflatarmál án þess að krefjast mikils dýpis; hann þarf að vera einfaldur að gerð en þó sterkur, auðveldur í meðförum, gerður af ódýrum vistvænum efnum og hafa hverfandi neikvæð áhrif á vistkerfi og umhverfi á virkjunarstað. Meginforsendan er að rekstrarleg hagkvæmni sé um leið tryggð. Vel hefur gengið í átt að þessum markmiðum í þróunarstarfinu og full ástæða er til að vænta mikils af þeim hverfli sem nú bíður sjóprófana. Allt starfið hefur hliðsjón af því að lágmarka stofn- og rekstrarkosnað og með því gera virkjunina að hagkvæmum valkosti. Ekki er vafa undirorpið að hin mikla sjávarorka við Ísland verður nýtt í náninni framtíð. Hinsvegar er líklegt að lausnir Valorku verði fyrir hagkvæmar í öðrum ríkjum; þeim sem búa við hærra raforkuverð og þurfa að framleiða raforkuna með dýrum og mengandi aðferðum. Búast má við að þar verði hagkvæmni hverfla Valorku mest og að þar verði lausnin fyrst nýtt. Samkvæmt Parísarsamningnum (m.a. 10.gr) ber íslenskum stjórnvöldum skylda til að styðja þannig tækni og koma henni á framfæri.

1.4. Sjöföldun orkunýtingar með hægstraumshverflum

Í flestum gögnum sem nú eru lögð til grundvallar umræðu og áætlana um umfang orku sjávarfalla er miðað við þá fáu skrufhverfla sem lengst eru komnir í þróun. Ástæða þess er einfaldlega sú að þeir eru einu mælanlegu viðmiðin. Hinsvegar eru flestir þessir hverflar ekki taldir hagkvæmir í hægari straumi en 2,5 m/sek, sem þýðir að nýtingarsvæði þeirra eru afskaplega fá og takmarkast við einstaka þröng sund. T.d. væru þeir ekki nothæfir hérlendis utan fárra sunda í Breiðafirði.

Hverfill Valorku mun geta unnið við mun hægari straum og allar líkur benda til að hann verði hagkvæmur til notkunar í straumi kringum 1 m/sek. Ekki er vitað af annarri tækni sem hentar í slíkt, en sá sem kemst næst því er líklega hverill Tidal Sails, sem ætlað er að nýta allt niður í 1,5 m/sek straumhraða.

Lengi hefur verið ljóst að langsamlega umfangsmestu orkusvæði sjávarfalla eru utan áður nefndra straumharðra sunda. Tidal Sails telur 99% vera á svæðum með minna en 2 m/sek straumhraða. Lítið hefur þó verið að hafa af rannsóknum sem renna stoðum undir þetta með vísindalegum hætti. Ein slík liggur þó fyrir, en niðurstöður hennar birtust 2015 í þessari fræðigrein fjögurra fræðimanna. Rannsókuð voru tvö ólík svæði í Írlandshafi. Þrennskonar virkjanatækni var lögð til grundvallar: „Fyrsta kynslóð“ er skrufhverfill MCT, sem prófaður hefur verið í nokkur ár; „önnur kynslóð“ er hverfill sem gæti nýtt straumhraðann 2 m/sek og meiri, (s.s. Tidal Sails), og „þriðja kynslóð“ er hverfill sem nýtt getur straumhraðann 1,5 m/sek eða meiri. Hverfill Valorku er því af „þriðju kynslóð“ samkvæmt þessari skilgreiningu, en gæti þó líklega nýtt enn hægari straum á hagkvæman hátt. Skal hér lítið á orðréttu kafla úr skýrslunni:

„Resource assessment for future generations of tidal-stream energy arrays“.

Fræðiritgerð útg. 2015, eftir M. Lewis; S.P. Neill; P.E Robins og M.R. Hashemi, sem allir starfa hjá School of Ocean Sciences; Bangor háskóla í Bretlandi. Þar er athygli beint að þeirri aukningu orkunýtingar sjávarfallastraums sem næst fram með hægstraumshverflum; eða því sem þeir kalla „2nd and 3rd generation tidal turbine arrays“.

ABSTRACT: Tidal-stream energy devices currently require spring tide velocities (SV) in excess of 2.5 m/s and water depths in the range 25-50 m. The tidal-stream energy resource of the Irish Sea, a key strategic region for development, was analysed using a 3D hydrodynamic model assuming existing, and potential future technology. Three computational grid resolutions and two boundary forcing products were used within model configuration, each being extensively validated. A limited resource (annual mean of 4 TJ within a 90 km² extent) was calculated assuming current turbine technology, with limited scope for long-term sustainability of the industry. Analysis revealed that the

resource could increase seven fold if technology were developed to efficiently harvest tidal-streams 20% lower than currently required ($SV > 2$ m/s) and be deployed in any water depths greater than 25 m. Moreover, there is considerable misalignment between the flood and ebb current directions, which may reduce the practical resource. An average error within the assumption of rectilinear flow was calculated to be 20° , but this error reduced to $\sim 3^\circ$ if lower velocity or deeper water sites were included. We found resource estimation is sensitive to hydrodynamic model resolution, and finer spatial resolution ($< 500\text{m}$) is required for regional-scale resource assessment when considering future tidal-stream energy strategies.

Table 4

The Irish Sea tidal-stream energy resource for three device deployment criteria (1st to 3rd generation) and three model spatial resolutions, quantified as: the areal extent (km^2), average undisturbed spring-neap cycle ($M2+S2$) kinetic energy flux (TJ), and the annual practical power available (GWh) - based on an operational device.

		Model spatial resolution		
		1/60° – 1.1 km	1/120° – 556 m	1/240° – 271 m
1st generation ($SV > 2.5$ m/s & $h < 50$ m)	Area (km^2)	90	93	91
	Mean kinetic energy (TJ)	3.76	4.16	4.01
	Annual practical power available (GWh)	23	25	24
2nd generation ($SV > 2$ m/s & $h > 25$ m)	Area (km^2)	1018	825	800
	Mean kinetic energy (TJ)	50.34	32.12	29.36
	Annual practical power available (GWh)	142	115	111
3rd generation ($SV > 1.5$ m/s & $h > 25$ m)	Area (km^2)	6164	6128	6046
	Mean kinetic energy (TJ)	161.48	154.58	149.37
	Annual practical power available (GWh)	165	184	182

CONCLUSIONS: The tidal-stream energy resource of the Irish Sea is limited when 1st generation sites are considered ($SV > 2.5$ m/s and water depths in the range of 25e50 m), with a number of development and engineering difficulties such as flood-ebb current misalignment. Therefore, as competition for sea space intensifies, and to fully realize the potential of this low carbon and renewable energy industry, 2nd generation technology to efficiently harvest lower tidal velocity ($SV > 2$ m/s) sites would be recommended for the Irish Sea, after which tidal-stream energy convertors capable of deeper water deployment ($h > 50$ m) were found to yield the greatest increase to the potential resource. Furthermore, developing technology to harvest peak spring tide velocity flows (SV) above 1.5 m/s, and all water depths, would allow (with the correct strategy) constant electricity (base load) to be generated due to the greater diversity of tidal phasing between sites.

1.5. Úr öðrum skýrslum og fræðigreinum um efnið

„Current tidal power technologies and their suitability for applications in coastal and marine areas“:


Tidal turbines extract energy from a moving fluid; consequently they are somewhat analogous to wind turbines. Like wind turbines, most tidal turbines feature blades with aerofoil cross sections and operate according to the principles of aerodynamic lift, since this is more efficient than utilising aerodynamic drag (Hau and von Renouard 2013). However, there are major differences between the two technologies. The most immediately obvious are physical differences between the fluids; the density of seawater is approximately 1025 kg/m^3 , compared with around 1.25 kg/m^3 for 1 atm. of air at room temperature.

Tidal currents are typically much slower than the wind, though the much greater density of water compensates for this in terms of power, allowing tidal stream devices to generate similar levels of output to wind turbines (Bahaj and Myers 2003). In contrast to wind power, there are no extreme flow speeds underwater that could potentially damage devices or force them to shut down (Blunden and Bahaj 2006); however, tidal stream devices must still be durable to withstand the greater loading forces generated by water. Further distinctions between the two technologies include differences

in Reynolds number, the occurrence of cavitation and the bi-directionality of tidal currents (Batten et al. 2006); however, the most major differences are arguably the effects of blockage (Garrett and Cummins 2004) and the free surface (Whelan et al. 2009).

Tidal turbines can be broadly classified according to their design as either axial flow or cross flow, as illustrated in the figure. Axial-flow turbines sweep through a circular area of water by rotating about an axis that is parallel to the flow direction. Cross-flow devices sweep through a rectangular area by rotating about an axis that is perpendicular to the flow, with water flowing across each blade twice.


Í skýrslunni er síðan lýst nokkrum grundvallaraðferðum sjávarfallahverfla, og eru þær einföldu skissur sýndar hér:




Hinn íslenski hverfill Valorku fellur í hvorugan þessara hefðbundnu hverflaflokka, en er þó mun skyldari gegnumstreymishverflum (cross-flow turbines) en skrúfuhverflum (axial-flow turbines). Hverflar Valorku eru sérstaklega hannaðir fyrir mjög hægum straum í grunnum sjó, og vinna fremur á þrýstingi vatnsmassa en vængáhrifum mikils straums.

Ideal turbine power densities.


Hér má sjá fylgni orkuþéttni við straumhraða. Hér sjást meginástæður þess að þróunin hefur einkum beinst að skrúfuhverflum, sem henta betur í miklum straumi, en eru gagnslitlir í hægum straumi. Hægur straumur er margfalt algengari.





Vængvirkjun. Vængurinn (hydrofoil) er með breytilegu áfallshorni gagnvart straumnum, sem veldur því að armurinn sveiflast upp og niður og er sú hreyfing virkjuð. Fyrirtækið Pulse Tidal hefur í nokkurn tíma þróað tækni sem byggir á þessari aðferð, og nefnir virkjunina Stingray.



Drekavirkjun (tidal kite) Skrúfuhverfill er festur neðan í væng eða nokkurskonar flugdreka, sem tjóðraður er með taug við botn. Vængurinn er þannig lagaður að hann flýgur í áttulaga lykkju í straumnum; hraðar en straumhraði staðarins. Hann skilar því meira afli en ætla mætti af stærð hverfilsins. Hinsvegar hentar hann illa í grunnum sjó. Helsti þróunaraðili slíkra aðferða er Deep Green, sem áður hét Minesto og er afsprengi Saab bílaframleiðandans.



Stífluvirkjun (Barrage). Stífla er byggð þar sem sjávarfalla gættir verulega og aðstæður henta varðandi lón; t.d. þar sem á fellur til sjávar. Elsta sjávarfallavirkjun heims; La Rance í Frakklandi (240 MW) og hin nýja Sihwa virkjun í Kóreu (248 MW) eru af þessari gerð. Slíkum stíflum fylgir jafnan veruleg röskun á lífríki sem gjarnan er fjölskrúðugt á þeim stöðum; auk þess sem fjárfestingin er mjög mikil. Aftbrigði af þessari gerð er bygging lóns á grunnsævi. Hérlandis væri fræðilega unnt að reisa stífluvirkjun, t.d. í Breiðafirði þar sem munur flóðs og fjöru er mestur. Hinsvegar er ólíklegt að það verði gert í ljósi vaxandi meðvitundar almennings um umhverfisspjöll.



CONCLUSIONS: The suitability of eight different tidal power technologies for small-scale power generation in shallow near-shore waters off have been discussed by examining device performances in a number of key criteria. Our discussion suggests that both vertically and horizontally oriented cross-flow turbines appear to be well suited to this application, since they have relatively high power densities and a maximum device size that is unconstrained by depth. Oscillating hydrofoils also appear suitable to shallow water applications for similar reasons, provided comparable levels of efficiency can be reached. Meanwhile tidal kites, which require deep waters, and tidal barrages and lagoons, which will require significantly more investment to generate comparable levels of power at small-scale in comparison to turbines, appear to be the least appropriate for this scenario.

It is important to note that this examination is a simple design-stage assessment. Due to the developing nature of the tidal energy sector, several of the assessment criteria (e.g. environmental impacts, economic potential) are qualitative in nature and have been discussed in the absence of large amounts of reliable data. Additionally, given the influence various device-specific factors (e.g. hydrofoil blade profile) may have on device performance, certain comments may not apply to every device within a given technology class.

Although we have provided a general technology review for one type of tidal energy deployment in the absence of large amounts of field data, for a given project at a specific site there will be further complicating factors that will affect the performance of a given technology (e.g. blockage). The influences of these factors on performance may vary even throughout the site itself, and consequently as much data on the site as possible should be gathered before attempting to identify the most appropriate technology for that area.

Despite the eight discussed concepts appearing to comprise the bulk of tidal technology currently in development, there are also other devices used for micro hydropower applications, such as

Archimedes screws and gravitational water vortices, which have not been investigated and could be suitable for use in shallow water tidal applications. Furthermore, it is possible that with suitable adaptation the ideas behind some of the concepts (the tidal kite for instance) could prove very effective for shallow water generation, while there is also scope that completely novel ideas could also be suitable. Consequently this discussion is by no means exhaustive or definitive. Future work will look to explore the possibilities of adapting both the discussed technologies and others to develop an optimised device for shallow water tidal power applications.

Um greinina: Niðurstaða hinna virtu fræðimanna er sú að skrófuhverflar henti síður til nýtingar sjávarfalla utan fárra straumharðra sunda. Á grunnsævi við annes, þar sem straumur er að jafnaði hægari, henta betur gegnumstreymishverflar og vængvirkjanir. Hverfill Valorku er í ætt við gegnumstreymishverfla, en er fjölása (með tveimur eða fleiri öxlum) og hentar því mun betur við þessar aðstæður en einása hverflar og hefur meiri möguleika á að ná hagkvæmni. Þessar niðurstöður fræðimannanna eru mikilvægt innlegg í omrðu um sjávarorkunýtingu og sýna að leggja þarf áherslu á fleira en nýtingu orkumestu sunda.

„Current status and future of ocean energy sources; a global review“:

Fræðiritgerð útg. 2018, þar sem athyglinni er einkum beint að aðferðum til nýtingar sjávarfallarasta í grunnsjó; og þá einkum kostum minni virkjana. Gagnlegt innlegg í mótun íslenskrar orkustefnu, sem rennir um leið veigamiklum fræðilegum stoðum undir verkefni Valorku. Höfundarnir eru A. Roberts; B. Thomas; P. Sewell og Z. Khan, sem starfa m.a. við Faculty of Science and Technology og Bournemouth háskóla. Einnig S. Balmann og J. Gillman sem starfa við Balman Environmental Trust.

CONCLUSION: In this study, global ocean energy sources are analysed in detail to prepare an up to date technical review. The following conclusions are drawn from this study. There is an immense energy potential in the oceans. ... The literature review clearly showed that there are significant differences between the ocean energy resource potential estimates in the published literature. Therefore, an up to date global ocean energy resource potential map or database should be prepared by the authorities to avoid future uncertainty.

Many countries around the globe aim to utilise ocean energy sources to supply their increasing energy demand in a sustainable manner. However, as of today, technologies to exploit the power of the oceans and seas are still at an early stage of development (except tidal barrages or dams) and even the most advanced technologies still encounter substantial problems and obstacles; consequently, innovation and research and development (R&D) in this field can help overcome those problems (Uihlein and Magagna, 2016). As stated above, tidal barrages or dams are the only proven technologies; however, their capacity and site selection is limited. Also, research about the environmental impacts of marine renewable energy devices remains incomplete because many of these devices should be set and tested in the marine environments (Zangiabadi et al., 2017).

Yet, when these problems are solved and the technological development is complete marine/ocean energy is expected to provide a significant amount of electricity to our global economy. Therefore, the research and development in ocean energy engineering should be fostered by nations with access to these reliable and clean renewable energy sources. Finally, this study could offer some assistance to the academia and industry in the exploitation of different ocean energy sources for achieving a more sustainable future.

Kafli 2. Staða verkefna til nýtingar sjávarfallaorku

2.1. Nokkrar stærstu sjávarfallavirkjanir heims

Sihwa-vatn (Stífluvirkjun; S-Kóreu). Stærsta starfandi sjávarfallavirkjun heims er stífluvirkjunin við Sihwa-vatn í S-Kóreu. Hámarksafl hennar er 254 MW; framleitt með 10 hverflum. Nýttur er mikill munur flóðs og fjöru í Gulahafi. Virkjunin hóf starfrækslu nýlega, en hafði þá tekið 7 ár í byggingu. Heildarkostnaður varð um 1 milljón dollara á hvert uppsett MW.



La-Rance (Stífluvirkjun; Frakklandi). Virkjunin tók til starfa 1968 og var til skamms tíma stærsta sjávarfallavirkjun heims, með framleiðslugetu 240 MW. Virkjunin er í árósum og unnt að stýra flæðinu með hólfum til að jafna orkuframleisluna. La-Rance virkjunin hefur löngum verið viðmiðum um möguleika sjávarorkuframleiðslu.



Mey-Gen verkefni Atlantis Resources (Sundavirkjun; Skotland). Fyrirtækið Meygen telst nú vera í fararbroddi sjávarfallavirkjana án stíflu, með hverflabúi sínu við Hjaltlandseyjar sem hóf starfrækslu í nóv 2016. Þar eru í upphafi 4 hverflar, en áætlanir eru um að þeir verði 273, með uppsett afl 398 MW. Hver hverfill er þriggja blaða, 1,5 MW og þvermál snúningsflatar allt að 20m. Upphaflega þróaður af hinu norska Hammerfest Ström. Hverflarnir eru hannaðir fyrir mikinn straumhraða. Hérlandis gætu svona hverflar e.t.v. nýst í Röst í Hvammsfirði en óvísða annarsstaðar. Í annesjaröstum ættu hverflar Valorku betur við.




Jianxia orkuverið (Stífluvirkjun; Kína) í Zhejiang héraði var upphaflega byggt 1980, en hefur nú verið stækkað úr 500 kW í 3,9 MW og er því fjórða stærsta starfandi sjávarorkuver heims. Sex hverflar skila árlegri framleiðslu um 7 MWst. Þar er einnig sólarorkuframleiðsla.



2.2. Helstu þróunaraðilar skrófuhverfla (sundavirkjana)



Atlantis Resources er nú orðinn risi meðal jafningja í sjávarfallatækni, en fyrirtækið hefur á síðustu árum yfirtekið nokkur önnur sem fremst stóðu; þar á meðal Marine Current Technology; Neptune og eldra Atlantis, og vinnur í nánú samstarfi við **Andritz Hydro-Hammerfest**. Tvíblaða hverflar MCT (t.v.) hafa verið um tíma í tilraunakeyrlu; hverflar Andritz Hydro (t.h.) eru þriggja blaða, og voru meðal fyrstu hverfla í sjó.



OpenHydro hefur þróað skermaða hverfla með opinni miðju og vinnur að stórum verkefnum. Þar á meðal með Emera að 300 MW virkjun við Sharp Tidal í Fundy-flóa í Kanada; með franska EDF að virkjun við Paimpol í Frakklandi og ásamt nokkrum öðrum aðilum að virkjun í Naru-sundi við Nagasaki í Japan.

Sabella er stærsti aðili Frakklands í þróun sjávarfallahverfla, og vinnur nú ásamt OpenHydro að verkefnum við Paimpol. Hverflar þeirra eru skrófuhverflar eins og allir aðrir sem lengst eru komnir í þróun.



Tidal Energy Limited (TEL) (t.v.) þróar þriggja hverfla samstæðuna Delta Stream, og hefur gert samning um prófanir við Pembrokeshire í Wales. **Tocado** hverflarnir (t.h.) eru skemmra á veg komnir.



Scotrenewables hefur unnið að þróun fljótandi skrófuhverfla frá 2002. Árið 2011 gerði fyrirtækið tilraunir með 250 kW frumgerð, sem það segir hafa tekist vel. 2016 var sett út 2 MW túrbína sem framleiddi inn á net í Orkneyjum í tilraunaskyni.



Minesto – DeepGreen þróar nýstárlega aðferð til nýtingar skrófuhverfla í sjávarföllum. Hverflarnir eru festir neðan í einskonaflugdrekka sem botnfestur er með taug og svífur í áttulaga braut í straumnum. Aðferðin hefur verið prófuð með líkönum og sumarið 2018 voru undirbúnar sjóprófanir við Holyhead Deep nærri Wales. Upphaflega var Minesto stofnað af Saab, en hefur fengið aðkomu alþjóðlegra fjárfesta.



Enn skemmra eru komin verkefni Sustainable Marine Energy (t.v.) og Schottel, þó bæði fyrirtækin hafi hafið prófanir í sjó. Hverflar beggja eiga að geta nýst bæði í sjávarföllum og ám.

2.3. Hægstraumshverflar (strandvirkjanir)

Ef leitað er á internetinu má finna fjöldann allan af hugmyndum og „uppfinningum“ varðandi hverfla sem sagðir eru geta virkjað hægari sjávarfallastrauma en 2,5 m/sek, en það er lágmark þess sem hagkvæmt telst fyrir notkun skráfuhverfla. Fæstir þessara aðila hafa þó; eftir því sem best er vitað, komið hugmyndum sínum í raunhæfar prófanir, og geta þær því ekki talist marktækar á þessu stigi; hvað sem síðar kann að verða.


Einungis er vitað af einu fyrirtæki sem þróar tækni sem kemst nálægt því að líkjast fjölása hverflum Valorku, og er komið jafn langt eða lengra í þróun. Þetta er norska fyrirtækið Tidal Sails í Haugasundi. Fyrirtækið hefur þróað hverfil sem um sumt svipar til lausna Valorku en er þó frábrugðinn í veigamiklum atriðum. Hverfill TS er fjölása eins og hverfill Valorku, með blöð sem ganga á böndum.



Hann er þó frábrugðinn að því leyti að blöðin eru ekki einföld og þvert á straum, líkt og í hverfli Valorku; heldur eru þau vænglaga og skásett við straumstefnuna. Sú lausn virðist mun dýrari og erfiðari í framkvæmd en lausn Valorku. TS hyggur á prófanir 4 MW hverfils í Kvalsund á komandi misserum; 500 m að lengd með 400 blöðum. Hún muni innan fárra ára skila raforku á nær samkeppnishæfu verði, eða 0,05 €/kWst (sjá www.tidalsails.com). Valorka lítur ekki á þennan aðila sem keppinaut, enda bæði að markaðurinn er stór og tæknin nokkuð frábrugðin; miklu heldur er traustvekjandi að geta litið til aðila með svo öflugum bakhjarla. TS telur straumhraðann 2 m/sek hentugastan fyrir sinn hverfil. Valorka telur sinn hverfil hagkvæman við mun hægari straum.

Hverfli Valorku er ætlað að nýta enn minni hraða og vera nægilega ódýr og einfaldur til að skila hagkvæmni í honum. Með honum mun verða unnt að nýta eina umfangsmestu orkuauðlind jarðar sem enn er ónýtt og framleiða orku á þann hátt sem minnst spillir andrúmslofti og umhverfi. Með honum verður unnt að ná tókum á þeirri orkuauðlind sem stafar af aðdráttarfli tungls og fyrirsjáanlegri að afli en nokkur önnur orkuauðlind; e.t.v. að kjarnorku frátalinni. Öll hönnun á hverfli Valorku miðar að því að nýta þennan lága straumhraða á hagkvæman og raunhæfan hátt. Honum er meðal annars ætlað að verða hagkvæmur virkjunarkostur hérlendis, þrátt fyrir að hér sé raforka þegar framleidd á ódýrari og vistvænni hátt en víða annarsstaðar í heiminum. Hann mun því hafa góða samkeppnisstöðu. Þó margt sé líkt í grundvelli aðferða Tidal Sails og Valorku er ljóst að margar lausnir í hverfli Valorku eru einstakar og því líklegar til að vera einkaleyfishæfar; ekki síður en TS hefur tekið einkaleyfi á sínum sérstæðu aðferðum.

Skissa sem sýnir grundvallaratriði fjölása hverfils Valorku („Valex“); blöð sem ganga á bandi um tvo (eða fleiri) ása, sem eru þverstæðir á straum. Blöðin eru heyfanleg; þau snúa þarna fleti í straum ofantil en egg í straum neðantil á myndinni. Ýmsar aðferðir Valorku kunna að vera einkaleyfishæfar s.s. við opnun og lokun blaða; aðferð til einfaldrar lagningar og aðferð sem gerir óþarft stoðkerfi milli ása, en það eykur sparnað mjög og eykur samkeppnishæfi hverfilsins. Hverfillinn hentar mjög vel til notkunar í hægum straumi og á litlu dýpi




2.4. Úr skýrslum og fræðigreinum um efnið

„JRC Ocean energy status report, 2016 edition“.

Hér má sjá hlutfallslega flokkun JRC á þeim sjávarfallahverflum sem árið 2016 voru komnir í sjóprófanir í „fullri stærð“. Hlutfallið er að öllum líkindum lítið breytt árið 2018.

Mesta áherslan hefur verið á þróun stórra skráfuhverfla (vertical axis turbines, enclosed tips og tidal kite). Þeir hverflar þurfa mikinn straumhraða (< 2,5m/sec) og gagnast aðeins á fáum stöðum, og þó þó aflið geti verið mikið er hagkvæmni ekki endilega í hlutfalli við það (sjá skýrslu IEA-OES). Í hægum straumi gagnast betur gegnumstreykishverflar (horizontal axis); vængvirkjanir (oscillating hydrofoil) og hverfill Valorku. Sá síðastnefndi ekki fellur í neinn þessara flokka, en er mjög líklegur til að ná hagkvæmni við lítinn staumhraða.



Ren 21: „A comprehensive annual overview of the state of renewable energy“: Ren 21 er alþjóðlegt net stofnana, s.s. IEA; IRENA; UN Environment; World Bank og fleiri; auk fjölmargra hagsmunasamtaka einstakra viðkomandi greina; stórra fræða- og rannsóknastofnana og stjórnvalda 10 stórra iðnríkja.

However, there are drawbacks that will need to be overcome if such sites are to be utilised. Chief amongst these is that these sites are likely to be less resource rich than those already under consideration. For example, in shallow waters the slower flow of the tidal current boundary layer will occupy a greater portion of the water depth, reducing the resource available to tidal stream devices (Polagye et al. 2010). Additionally shallow channels, which are already highly stressed due to bottom friction, produce proportionally less power and suffer a diminishing return as new devices are added due to increasing levels of drag (Vennell 2012). Lone devices may, therefore, be more cost-effective in such areas than larger arrays. Submerged devices in shallow waters will also be closer to the photic zone and hence subjected to a greater risk of bio-fouling; being closer to shore they are also likely to more readily impact highly complex and inter-dependent coastal ecosystems. Devices in shallow waters will also pose more of a navigational hazard to commercial and recreational marine traffic and, positioned close to shore, they may also impact other water users such as swimmers, and be more visible on land, potentially leading back to issues with IMBYism.



Definition of shallow water location

Um niðurstöðuna: Í þessum útdrætti ritgerðarinnar komast fræðimennirnir að þeirri ályktun að smáar sjávarfallavirkjanir séu líklegri til að gagnast á grunnsævi en stærri virkjanir; einkum í dreifðari byggðum. Á þessa staðreynd hefur Valorka bent í sínum skýrslum. Hverfill Valorku er einstaklega hentugur á þessum stöðum og þróun hans hefur miðast við slíka notkun. Valorka hefur einnig bent á lausn annars vanda sem snýr að notkun sjávarfalla í byggðum fjarri samveitutengingu. Við slíkar aðstæður væri hentugt að nýta sjávarorkuna fyrst og fremst til hitunar vatns í geymum, en kynding er meginnotkun raforku a.m.k. á norðlægum slóðum. Auk þess eru ýmsar hentugar geymsluaðferðir raforku í hraðri þróun.

Um hagnýtingu tímamismunar til sveiflujöfnunar (phasing):

„Tidal energy leasing and tidal phasing“:

Fræðiritgerð útg. 2018 um kosti þess að nýta tímamismun sjávarfalla með nettengingu til að jafna út sveiflur vegna fallaskipta. Slík jöfnun á ekki síður við hér á Íslandi en í Bretlandi, sem þessi rannsókn beinist einkum að. Hefur oftsinnis verið á það bent í skýrslum Valorku. Höfundar eru P. Neill og Matt J. Lewis hjá School of Ocean Sciences; Bangor University, ásamt M. Reza Hashemi hjá University of Rhode Island.

ABSTRACT: In addition to technical and economic constraints, tidal energy leasing is generally governed by demand for sites which contain the highest tidal streams, and does not take into account the phase relationship (i.e. the time lag) between sites. Here, the outputs of a three-dimensional tidal model are analysed to demonstrate that there is minimal phase diversity among the high tidal stream regions of the NW European shelf seas. It is therefore possible, under the current leasing system, that the electricity produced by the first generation of tidal stream arrays will similarly be in phase. Extending the analysis to lower tidal stream regions, we demonstrate that these lower energy sites offer more potential for phase diversity, with a mean phase difference of 1.25 h, compared to the phase of high energy sites, and hence more scope for supplying firm power to the electricity grid. We therefore suggest that a state-led leasing strategy, favouring the development of sites which are complementary in phase, and not simply sites which experience the highest current speeds, would encourage a sustainable tidal energy industry.

DISCUSSION: Our analysis of tidal current phasing throughout the NW European shelf seas reveals that more phase diversity is offered by lower tidal flow regions (peak spring tidal currents ≥ 1.5 m/s), compared to the phase diversity offered by high tidal flow regions (peak spring tidal currents > 2.5 m/s).

m/s). In particular, and in agreement with previous studies of the region, the high tidal flow regions of the NW European shelf are generally in phase with one another. Therefore, should all these high tidal flow regions be developed, the aggregated electricity generated would be characterised by strong semi-diurnal intermittency. Clearly, development of lower tidal stream sites would diversify this phasing, and generate firmer power with less intermittency. However, it is important to note that these lower tidal stream sites also experience intermittency over semi-diurnal timescales, and that the peak in aggregated electricity generation would be shifted by at best 1.25 h for lower tidal stream sites, in comparison to high tidal stream sites. Further, it is important to consider the cost associated with exploiting lower tidal stream regions, since the number of turbines (or equivalent swept area) installed would need to increase by an order of magnitude compared to high tidal energy sites.

Since leasing for tidal energy schemes is currently driven by demand for high tidal stream sites, this creates a scenario where the majority of tidal electricity generation for a country with an energetic tidal resource like the UK could be in phase. This is in contrast to the wind energy sector because, since the wind resource is governed by large-scale atmospheric circulation, there is no particular pattern to wind phasing throughout a country the scale of the UK. Therefore, leasing for multiple geographically distributed wind energy arrays need not account for phase, and so there would be no appetite for this aspect of the leasing process to be centrally controlled. In contrast, as we have demonstrated here, phase is an important consideration in optimising large-scale tidal energy resource exploitation, and so it could be useful for the sustainability of the tidal energy industry if the leasing strategy accounted for the phase relationship between sites, in addition to the magnitude of the resource.

A timescale issue which tidal stream energy alone cannot address, regardless of the phase relationship between sites, is intermittency over the spring-neap cycle. This longer timescale issue occurs simultaneously throughout the world, since it is governed by the lunar cycle, and so cannot be compensated through optimal site selection. In common with tidal stream energy, the potential energy contained within the vertical tide (tidal range) will also be significantly lower during neaps, in contrast to springs. Therefore, if marine energy is to make a significant contribution to large-scale electricity generation, it will be necessary to supplement it with electricity generated at independent timescales, e.g. via waves and offshore wind. One concept which has been suggested in the past is the development of a multiple-resource supergrid, which would facilitate the aggregation of discrete tidal energy sites investigated here, and also allow these locations to be connected to other intermittent renewable energy sources operating on various timescales, such as waves and offshore wind. Although such a concept would be difficult to implement in practice, due to cost and the level of international cooperation that would be necessary, it might also be possible to introduce storage into the supergrid, e.g. through pumped hydroelectric schemes, hence compensating for intermittency.

CONCLUSIONS: In this article, we analysed the outputs of a 3D tidal model of the NW European shelf seas to demonstrate that one strategy for encouraging a sustainable tidal energy industry could be to consider the parallel development of both low and high tidal stream sites, due to the phase diversity offered from aggregating electricity generated across a range of tidal current amplitudes. Although technical and economic constraints are important, this suggests that a state-led leasing process should be considered, since the current leasing process is primarily driven by demand for high tidal stream sites. It would be useful for future studies of phase diversity to consider additional tidal constituents (particularly the principal semi-diurnal solar, S_2 , constituent), and to also consider marine renewable energy sources acting on other timescales, e.g. waves, and to apply optimisation algorithms to determine optimum renewable energy roadmap scenarios. Further, such a study would

be advised to include feedbacks between energy extraction and the resource, and to examine timescales of relevance to stochastic processes, e.g. seasonal, inter-annual, and inter-decadal.

Um niðurstöðuna: Hér fjalla fræðimennirnir um aðferð til að jafna út framleiðslustöðvun um fallaskipti sem er fylgifyrirkjarna sjávarfallavirkjana. Á þetta hefur Valorka iðulega bent í skýrslum sínum. Aðferðin er sú að tengja virkjanir, sem staðsettar eru við mismunandi fallatíma, inn á sameiginlegt neyslunet. Aðferðin er einkar hentug á eylandum eins og t.d. Íslandi og Írlandi, þar sem fallabylgjan fer í kringum landið og fallaskipti eru á misjöfnum tímum í röstum kringum eyna. Forvitnilegt er í þessu efni að skoða grafið í kafla 6, á bls 56 hér á undan, um hugsanlega fasajöfnun á Írlandi.

Kafli 7. Viðhorf og stefnumótun íslenskra stjórnvalda

7.1. Stjórnkerfi mótað af hagsmunum

Hér að framan hefur verið leitast við að gefa sannferðuga mynd af stöðu og möguleikum sjávarorkunýtingar. Í þeim tilgangi hefur verið vitnað orðrétt í hinar ýmsu skýrslur þeirra sérfræðinga sem gerst ættu að þekkja til, og margra stofnana sem starfa á þessu sviði. Allt er það í samræmi við hinar mörgu skýrslur og greinargerðir sem Valorka hefur ítrekað sent stjórnvöldum; oftast en ekki án viðbragða eða svara.

Á tíu ára þróunarferli sínum hafa verkefni Valorku í alla staði gengið vel og sannað sig, hvað varðar verklega þætti og væntingar. Hinsvegar hefur verkefnið ítrekað lent í erfiðleikum og hættu af öðrum orsökum, sem eru fordómfull viðhorf, skammsýni, þekkingarleysi og ónógur stuðningur stjórnkerfisins. Birtingarmyndir þessa hafa verið með ýmsu móti, en til að bregða ljósi á þær má benda á eftirfarandi dæmi. Haft skal í huga að hér eru einungis fá dæmi nefnd; þau eru miklu fleiri:

- **Ástæðulaus synjun um stuðning.** Tækniþróunarsjóður synjaði verkefninu um framhaldsstyrk haustið 2013, vorið 2014, haustið 2014 og vorið 2018 þrátt fyrir að sýnt væri fram á árangur verkefnisins. Þær synjanir gengu mjög nærri verkefninu og töfðu alla þróun.
- **Sinnuleysi ríkisstjórnar.** Ríkisstjórnin synjaði sjálf verkefninu um stuðning í tvígang, þegar sótt var um lítilsháttar framlag af ráðstöfunarfé hennar til að forða verkefninu frá stöðvun. Á sama tíma styrkti hún þó ýmis önnur verkefni um svipaðar upphæðir með framlögum.
- **Grænn sjóður misnotaður.** Eitt fyrsta verk ríkisstjórnar á haustdögum 2013 var að taka mestallt það fé sem ætlað var á fjárlögum til verkefna á vegum „græna hagkerfisins“ og setja það í óskyld verkefni, en að óbreyttu hefði mátt ætla að verkefni Valorku ættu að njóta stuðnings af því. Ríkisendurskoðandi gerði alvarlegar athugasemdir við þessa ráðstöfun ríkisstjórnarinnar, en á hann var ekki hlustað.
- **Ráðherra ver spillingarmál.** Iðnaðarráðherra varði spillingarmál sem upp kom við styrkveitingar Orkusjóðs, þegar Valorku var synjað um stuðning en formaður ráðgjafarnefndar veitti stofnun bróður síns stærstu styrki sjóðsins. Formaðurinn varð að víkja eftir að umboðsmaður Alþingis áleit þá styrkveitingu ólögmeata. Ráðherra lét hina ólögmeatu styrkveitingu standa og Valorku var ekki bættur skaðinn. Engar skýringar hafa fengist af hendi ráðuneytisins og ráðherra nýsköpunar og orkumála hundsáði beiðni Valorku um fund.
- **Orkusjóði meinað að styðja nýsköpun.** Iðnaðarráðherra lagði fram lagafrumvarp á Alþingi þar sem afnumin var heimild Orkusjóðs til að styrkja tækniþróunarverkefni af nokkur tagi. Alþingi samþykkti þessa fráleitu tillögu án nokkurrar umræðu eða mótatkvæða. Sagt var í ráðuneytinu og Orkusjóði að mistök hefðu verið gerð við samningu frumvarpsins en engin tilraun hefur verið gerð til lagfæringa á þeim mistökum. Verkefnisstjóri innti alþingismenn ítrekað eftir skýringum á þessari kollsteypu á hlutverki Orkusjóðs og fundaði með

atvinnuveganefnd Alþingis, en fékk engin viðbrögð hennar og hún svarar ekki erindum Valorku. Samkvæmt þessu ætla stjórnvöld hafna allri nýsköpun hérlendis á sviði orkumála.

- **Iðnaðarráðherra gerði að engu þingsályktunartillögu** sem samþykkt var einróma á Alþingi vorið 2014. Tillagan var lögð fram fyrir hvatningu verkefnisstjóra Valorku, og beindist að því að hafnar yrðu rannsóknir á hinum gríðarmiklu auðlindum sjávarorku við Ísland. Var ráðherra með henni falið að skipa starfshóp til að skipuleggja það starf. Skipan ráðherra í þennan hóp er mjög gagnrýniverð, og greinilegt að ráðherra ætlaði starfshópnum frá upphafi að drepa niður það sem var tilgangur þingsályktunarinnar; að undirbúa rannsóknir á sjávarorku við landið. T.d. sniðgekk ráðherra eina aðilann sem fengist hefur við tækniþróun á sviði sjávarorku og hafði með gildum rökum hvatt til þessara rannsókna; þ.e. verkefnisstjóra Valorku. Skýrsla starfshópsins er á skjön við allan raunveruleika, t.d. tækniþróun erlendis; alþjóðlegar skýrslur og áherslur í loftslagsmálum, svo eitthvað sé nefnt. Hún er því ómarktæk í flestu tilliti, og því er sá vilji Alþingis enn óuppfylltur sem kom fram í þingsályktuninni og skýringum við hana. Hagur komandi kynslóða er fyrir borð borinn meðan þingmenn láta við svo búið standa.
- **Orkurisinn Landsvirkjun**, sem er í þjóðareigu og undir eignastýringu ríkisstjórnarinnar, hefur hafnað því að verja örlitlu broti gríðarlegs arðs síns af sölu orkuauðlinda þjóðarinnar til stuðnings við þetta leiðandi íslenska verkefni á sviði sjávarorkunýtingar. Um leið og Landsvirkjun hafnar því nýtir fyrirtækið sama söluhagnað blygðunarlaust í eigin þágu til að þróa tækni til vindorkunýtingar; án nokkurrar stefnumörkunar að hálfu eigenda.
- **Nýsköpunarmiðstöð Íslands bregst lögbundnu hlutverki sínu.** Valorka átti í byrjun góð samskipti við Nýsköpunarmiðstöð. Haustið 2014 gerði Valorka skriflegan samning við NMÍ um aðstoð við verkefnið, og lagði þá fram allar upplýsingar um það. NMÍ braut hinsvegar alvarlega trúnað þegar stofnunin, með þessar trúnaðarupplýsingar í farteskinu, sótti um styrki Orkusjóðs í eigin nafni og í harla ójafnri samkeppni við skjólstæðing sinn. Valorku var synjað en NMÍ hlaut tvo hæstu styrki sjóðsins, en forstjóri NMÍ og þáverandi formaður úthlutunarnefndar eru bræður. Slík vinnubrögð eru forkastanleg og algerlega óásættanleg. NMÍ hefur einkum það lagalega hlutverk að stuðla að framgangi nýsköpunarverkefna og hefur í þeim tilgangi fjölda sérfræðinga á sínum snærum, sem veita skulu hlutlausu faglega ráðgjöf. Gefur auga leið að verkefnarekstur stofnunarinnar í eigin nafni, með tilheyrandi fjármálabraski og umsóknum í sjóði gegn skjólstæðingum sínum er algerlega óviðunandi. Skorað er á alþingismenn að endurskoða nú þegar lagagrunn og starfshætti NMÍ. Í þessu efni má minna á svar iðnaðarráðherra við fyrirspurn þingmanns Pírata fyrir nokkrum misserum, þar sem fram kom að NMÍ sækir grimmt í samkeppnissjóði fyrir sín verkefni, í samkeppni við skjólstæðinga sína. Ekki verður séð að það samræmist lögum um stofnunina.
- **Iðnaðarráðherra hundsáði hagsmuni þjóðarinnar og hagsmunaaðila** þegar lögð var fram „aðgerðaráætlun um orkuskipti“ árið 2017. Þar var ekki að finna eitt einasta orð um þá miklu þýðingu sem þróun sjávarorkutækni hefur í þessu tilliti; ekki var lagt til að stutt verði við þróun nýrrar orkutækni af neinu tagi og ekki var lagt til að Orkusjóður styddi nýja orkutækni. Alþingi samþykkti þessa tillögu framkvæmdavaldsins nánast orðalaust.
- **Enn var fæti brugðið fyrir verkefni Valorku** þegar Tækniþróunarsjóður skrufaði fyrir styrki vorið 2018 án þess að meta styrkumsókn á málefnalegan hátt. Engar skýringar fengust og skriflegri fyrirspurn Valorku var ekki svarað. Sú ástæðulausa synjun olli því að ekki var unnt að hefja sjóprófanir sumarið 2018 og tefur framgang verkefnisins.
- **Stjórnvöld svíkja fyrirheit um stuðning við nýsköpun.** Eftir efnahagshrunið 2008 töluðu stjórnvöld fjálglega um nauðsyn þess að styðja yrði nýsköpun og hlú að sprotum sem gæti orðið verðmæta- og atvinnuskapandi. Liður í þeirri viðleitni var að stofna svonefndar „frumkvöðlamiðstöðvar“ þar sem sprotafyrirtækjum gæfist húsaskjól á viðráðanlegu leiguverði. Ein þeirra var Eldey á Ásbrú; húsnaði sem ríkið fékk skuldlaust frá bandaríska hernum. Þar fékk Valorka inni. Ekki voru mörg ár liðin frá hruni þegar stjórnvöld hlupu frá öllum sínum fyrirheitum og gáfu þetta húsnaði í hendur einkaaðila sem eingöngu hugsa um

eigin gróða. Nú hefur öllum sprotum verið sagt upp húsnæðinu í Eldey án nokkurra vona um framhaldsleigu. Menn geta svo velt því fyrir sér hvort tímasetningin sé tilviljun ein; að stjórnvöld eigi þannig þátt í að svipta Valorku aðstöðu um leið og stuðningur er afskorinn.

- **Ráðuneyti orku og nýsköpunar beitir sér gegn sjávarorkunýtingu.** Á vörþingi óskaði Alþingi eftir skýrslu ráðuneytisins um nýjar aðferðir orkuöflunar; sjávarorku, vindorku og varmadælur. Við skýrslugerðina og skipun í samráðshóp um hana sniðgekk ráðuneytið Valorku algerlega, þrátt fyrir að Valorka sé eini aðilinn sem fengist hefur við tækniþróun í sjávarorku og beitt sér fyrir rannsóknum og stefnumótun á því sviði. Valorku var sendur útdráttur úr skýrsludrögum ráðuneytisins, en þar er flestum staðreyndum snúið við og allt gert til að sverta stöðu og framtíð sjávarorkunýtingar en upphefja aðra orkukosti. Spurningar hljóta að vakna um hlutleysi ráðuneytisins í orkumálum. Ekki verður við það unað að það gangi svo grímulaust erinda orkufyrirtækja sem hafa yfirburði á íslenskum orkumarkaði.
- **Gagnslítill aðgerðaáætlun loftslagsmálum.** Ríkisstjórnin birti á haustdögum 2018 aðgerðaáætlun sína í loftslagsmálum. Í henni sniðganga stjórnvöld algerlega skuldbindingar sínar í 10.gr Parísarsamkomulagsins um stuðning við tækni sem líkleg er til að stuðla að orkuskiptum á heimsvísu.

Parísarsamkomulagið. Öll helstu ríki heims komu saman á ráðstefnu í París í árslok 2015, í þeim tilgangi að koma böndum á mengun sem leitt hefur til mikilla loftslagsbreytinga og mun að óbreyttu stefna mestöllu lífi á jörðinni í hættu. Miklir hagsmunir voru í húfi og hart tekist á. Niðurstaðan varð sú að ráðstefnan samþykkti að stefnt skyldi að takmörkunum á losun gróðurhúsalofttegunda, sem nú þykir mesta ógnin; þannig að „hnattræn hlýnun“ verði innan við 2°C á samningstímanum, sem er til 2020. Nú þegar hafa nægilega mörg ríki fullgilt sáttmálann til þess að hann hefur tekið gildi; þeirra á meðal Ísland. Með 10.gr sáttmálans eru aðildarríki skuldbundin til að styðja tækniþróun sem stuðlar að orkuskiptum á heimsvísu. Það ákvæði brjóta íslensk stjórnvöld með framkomu sinni gagnvart verkefnum Valorku. Sjá nánar í næsta kafla.

Úr stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar desember 2017:

„Ríkisstjórnin vill gera betur en Parísarsamkomulagið gerir ráð fyrir“.

„Lögð verði áhersla á ... að draga úr losun og stutt við nýsköpun á þessu sviði“.

„Loftslagsráð verður sett á laggirnar og aðgerðaáætlun um samdrátt í losun verður tímasett og fjármögnuð“.

„Í aðgerðaáætlun verða m.a. ... markmið um loftslagssjóð“.

„Langtímaorkustefna verður sett... Í orkustefnu verði byggt á áætlaðri orkuþörf til langs tíma ... og hvernig megi tryggja raforkuframboð fyrir almenning og atvinnulíf“.

„Nýsköpun og hvers konar hagnýting hugvits er mikilvæg forsenda fjölbreytts atvinnulífs, sterkrar samkeppnisstöðu, hagvaxtar og velferðar þjóða“.

„Lögð verður sérstök áhersla á að hvetja til nýsköpunar á sviði... verkefna í þágu loftslagsmarkmiða“.

7.2.

Tækifæri í hættu vegna skorts á stefnumótun

Ísland hefur í ýmsu tilliti sérstöðu meðal heimsþjóða. Annarsvegar að því leyti að hér er eyþjóð fjarri öðrum löndum, og því með sjálfstæðu raforkukerfi. Hinsvegar að því leyti að landið býr að allnokkrum orkulindum í formi vatnsfalla og jarðhita, sem hér hafa verið nýtt til almennrar notkunar í hærra hlutfalli en víðast annarsstaðar í heiminum. Íslenskum hagsmunaaðilum hættir til að nefna

Þetta endurnýjanlegar orkulindir; án nokkurs fyrirvara, en það eru þær ekki nema að vissu marki. Sér í lagi hefur það komið í ljós varðandi jarðhitann; þar er í fæstum tilfellum unnt að tala um sjálfbæra nýtingu í verulegum mæli. Virkjun vatnsfalla hefur í för með sér mikil náttúruspjöll, einkum vegna lóna og mannvirkja; auk þess sem stærstu virkjanirnar byggja á bráðnun jökla vegna yfirstandandi hnattrænnar hlýnunar. Í því tilliti er ekki unnt að tala um sjálfbæra né endurnýjanlega orkulind. Sumar smávirkanir standa þó vel undir þeirri skilgreiningu.

Allt frá fyrstu dögum rafvæðingar hefur megináhersla raforkuvirkjunar beinst að virkjun vatnsfalla með stíflugerð. Á síðustu áratugum hefur þó aukist raforkuöflun með jarðgufu. Ísland býr vel að mörgum öðrum örkulindum, sem flestar eru endurnýjanlegri en þessar tvær; en þeim hefur fæstum verið sinnt. Á síðustu árum hafa þó verið gerðar tilraunir með vindvirkjun. Ókostir hennar eru augljósir; orkuöflun er ófyrirséð og virkjunum fylgir sjón- og hljóðmengun, auk náttúruspjalla. Það virkjanaform hefur mætt mikilli andstöðu erlendis og mun svo einnig verða hér á öllum líkindum. Sólarorka er ekki nýtt í verulegum mæli.

Ölduorka er gríðarlega orkurík auðlind við Ísland. Ölduorka er hvergi meiri í heiminum en við norðanvert Atlantshaf. Hér er hún allsstaðar við landið, en mest við suðurströndina. Þar sem tækni er enn ekki tiltæk verður hér ekki eytt miklum orðum að ölduorku, en ámælisvert er samt að umfang orkunnar skuli ekki hafa verið rannsakað og metið við landið, þannig að nýtingu hennar megi taka inn í orkustefnu til langs tíma.

Sjávarfallaorka er mjög umfangsmikil orkuauðlind við Íslandsstrendur, eins og fjallað var um hér að framan. Heildarumfang hennar er líklega tíföld sú orka sem virkjanleg telst af vatnsföllum og jarðhita samanlagt, og líklegt er að virkjanleg orka sjávarfalla verði ekki minni að umfangi en þær hefðbundnu orkulindir þegar virkjanatæknin þróast á næstu árum og hagkvæmni hennar eykst með fjöldaframleiðslu og vegna þeirra ráðstafana sem heimsríki þurfa að grípa til vegna orkuskipta í ljósi hamfarahlýnunar jarðar.

Eins og hér hefur verið rakið er víða um heim leitað leiða til að ná tökum á hinni stóru og endurnýjanlegu orkulind sem sjávarfallastraumar eru. Áhersla heimsríkja á að finna tæknilausnir hefur stóraukist í seinni tíð. Áherslan mun aukast enn frekar eftir nýjustu skýrslu loftslagsráðs SP um neyðarráðstafanir sem þarf að grípa til, ef markmið Parísarsáttmálans eiga að nást.

Allt íslenska stjórnkerfið í orkumálum; jafnt stofnanir sem ráðuneyti og Alþingi; jafnvel fjölmiðlar og menntakerfi, er mótað af þeim „rétttrúnaði“ sem einhliða orkuvinnsla hefur skapað og þeim linnulausa áróðri sem rekinn hefur verið fyrir verkefnum stærstu orkufyrirtækjanna. Bæði opinber stefnumótun og lagasetning ber merki um þessa einsýni, sem í mörgum tilfellum mætti nefna þröngsýni í orkumálum. Þeir sem dirfst hafa að setja fram efasemdir eða ný viðhorf í orkumálum hafa mátt sæta sniðgöngu og fordómum að hálfu stjórnvalda. Þau viðhorf hafa m.a. bitnað illilega á verkefnum Valorku, og voru dæmi um þau nefnd hér framar. Stærsta íslenska orkufyrirtækið; Landsvirkjun, er í eigu þjóðarinnar að nafninu til. Þjóðin hefur þó enga möguleika til stjórnunar á málefnum fyrirtækisins; einkum eftir að það var gert sjálfstætt hlutafélag í opinberri eigu. Landsvirkjun er sjálfstæð stjórnunareining sem fer sínu fram, og kjörnir fulltrúar þjóðarinnar eru líkt og þjónar í þágu fyrirtækisins. Fyrirtækið skapar gríðarmikinn gróða í skjóli einokunaraðstöðu sinnar. Eðlilegt væri, í ljósi þess að hér er um fyrirtæki í þjóðareign að ræða, að hluta þess arðs væri varið til að styðja framfaramál í þjóðarþágu; t.d. þróun nýrra orkukosta á vegum annarra aðila. Slíkri beiðni Valorku var þó algerlega synjað að hálfu Landsvirkjunar. Þegar leitað var til stjórnvalda svöruðu þau með því að leggja niður stuðningsúrræði Orkusjóðs og skrífa fyrir styrkveitingar Tækniþróunarsjóðs, sem Valorka hafði áður notið. Dæmi um langvarandi áhrif stórra orkufyrirtækja á íslenskt stjórnkerfi endurspeglast m.a. í viðhorfum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, eins og þau t.d. birtast í

nýlegum drögum að svari við skýrslubeiðni Alþingis um sjávarorku og fleiri orkuöflunarkosti. Svar ráðuneytisins er í engu samræmi við þær niðurstöður alþjóðastofnana og sérfræðinga sem vitnað er í hér að framan; heldur miklu fremur mótað af hagsmunum hefðbundinnar orkunýtingar hérlendis.

Sú kredda er lífseig í íslensku stjórnkerfi jafnt og hjá almenningi, að hérlendis þurfi ekki að huga að öðrum orkukostum en vatnsafla og jarðhita; þrátt fyrir að sýnt hafi verið fram á það m.a. með rammaáætlunum og þrálátum deilum að þeir virkjanakostir verða æ sjáldgæfari og óraunhæfari í ljósi breyttra umhverfisviðhorfa.

Með aðild sinni að Parísarsáttmálanum skuldbinda íslensk stjórnvöld sig til þess m.a. að styðja tækniþróun sem stuðlar að markmiðum sáttmálans, sem einkum lúta að minni losun gróðurhúsalofttegunda á hnattræna vísu. Íslensk stjórnvöld geta því ekki sýnt þann heimóttahátt sem þau nú gera; að einblína á samdrátt í losun hérlendis. Þau verða að styðja við nýja orkutækni; jafnvel þó hún komi Íslandi ekki strax að sama gagni og öðrum ríkjum. Skýrt er kveðið á um þetta í 10.gr Parísarsáttmálans sem er skuldbindandi fyrir Ísland, þar sem segir:

1. Aðilar eiga sameiginlega langtímasýn um mikilvægi þess að nýta til fullnustu tækniþróun og -yfirfærslu í því skyni að auka viðnám gegn loftslagsbreytingum og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

2. Aðilar, sem gera sér grein fyrir mikilvægi tækni fyrir framkvæmd aðgerða til að draga úr losun og til aðlögunar samkvæmt Parísarsamningnum og viðurkenna núverandi viðleitni til að nýta tækni og dreifa henni, skulu styrkja samvinnuaðgerðir um tækniþróun og -yfirfærslu.

Því eru það skýr brot á þessum skuldbindingum Íslands að stjórnvöld skuli nú hafa gert Orkusjóði ókleyft, með lagasetningu 2014, að styrkja þróun nýrrar orkutækni. Það eru einnig brot á þessum skuldbindingum að Valorku skuli hafa verið synjað um áframhaldandi stuðning Tækniþróunarsjóðs vorið 2018 án nokkurs rökstuðnings, en þá kom í ljós að sjóðurinn tekur ekki neitt tillit til Parísarsamningsins við sínar styrkveitingar. Áðurnefnd viðhorf ráðuneytis nýsköpunar og orkumála eru einnig brot á ákvæðum sáttmálans; svo og synjun Landsvirkjunar um aðstoð. Í öllum þessum efnum þurfa stjórnvöld að bæta strax úr.

Tækifæri Íslands á sviði sjávarorku eru einkum af tvennum toga.

1. **Nýtingarmöguleikar** á hinum miklu orkulindum sjávar. Þó vatnsafl og jarðhiti nægi til að uppfylla orkuþarfir þjóðarinnar næstu áratugina þá er orðið fullljóst að þeir orkukostir ganga óðum til þurrðar jafnframt því sem eftirspurn eykst fyrir orku. Nauðsynlegt er að hefja tafarlaust markvissar rannsóknir á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávarorku; kortleggja nýtingarsvæði og móta nýtingarstefnu. Einkum er þetta brýnt varðandi sjávarfallaorku, þar sem tækni til nýtingar hennar er mun nærtækari en tækni til ölduvirkjunar. Dráttur á rannsóknum og stefnumótun varðandi sjávarfallanýtingu getur ekki talist annað en svik við komandi kynslóðir.
2. **Verðmætasköpun með tækniframleiðslu og leiðandi staða á nýju tæknisviði.** Hverfill Valorku er núna nær því en nokkur annar hverfill sem vitað er um, að verða nothæf tækni til hagkvæmrar nýtingar tiltölulega hægra sjávarfallastrauma sem algengir eru t.d. í annesjaröstum hér við land og víða um heim. Eftir því sem best er vitað er enginn annar hverfill kominn á stig sjóprófana með hæfni til að nýta straumhraða á bilinu 0,5 til 1,5 m/sek, sem er sá hraði sem hverflar Valorku munu geta nýtt. Enginn annar hverfill hefur náð viðlíka einfaldleika að allri gerð, samfara mikilli stærð og þar með getu til orkusöfnunar. Tveir þættir gera þessa stöðu að verulega verðmætu og eftirsóknarverðu tækifæri: Annarsvegar sú

pressa sem alþjóðasamfélagið er nú undir; að finna tafarlaust nýja orkuöflunarkosti sem leyst geti mengandi jarðefnaeldsneyti af hólmi. Hinsvegar hin gríðarlega víðfeðmu orkusvæði sem opnast sem raunhæfur virkjunarkostur með tilkomu hverfilsins. Sú orka er komin frá tungli en ekki sólu, og hana má nýta án nokkurra þekktra umhverfisáhrifa. Sú staðreynd er mjög þýðingarmikil í ljósi breyttra viðhorfa í orku- og umhverfismálum. Hérlandis hefur ekki vaxið upp veruleg iðnaðarframleiðsla eins og í öðrum velmegandi ríkjum. Framleiðsla hverfilsins eða hluta hans hérlandis gæti orðið þýðingarmikið og verðugt framlag til uppbyggingar þeirrar stoðar þjóðartekna.

Hverfill Valorku er að öllum líkindum sú tækni sem best hentar sem framlag Íslands til fullnustu þess áðurnefnda ákvæðis Parísarsáttmálans sem kveður á um tækniyfirfærslu. Í því ljósi er fráleitt að íslensk stjórnvöld hafi nú stöðvað það, á þeim tímapunkti sem það er að hefja sjóprófanir og þar með fullnaðarsönnun og kynningu á virkni sinni. Stjórnvöld eru af því tilefni minnt á skyldur sínar samkvæmt Parísarsáttmálanum og þá hagsmuni þjóðarinnar sem þeim ber skylda til að virða.

Kafli 8. Samandregnar niðurstöður

Í þessu yfirliti hafa verið dregnar saman nokkrar niðurstöður helstu alþjóðastofnana á sviði orkumála, ásamt greinum virtra sérfræðinga, í því skyni að fá sem sannast yfirlit um stöðu sjávarorkunýtingar; fýsileika hennar og mögulega framtíð. Þessari grein orkuvinnslu hefur lítill gaumur veið gefinn hérlandis, þrátt fyrir að mikil sjávarorka sé tiltæk við Ísland; stjórnvöld séu skuldbundin til að styðja við tækniþróun og vel hafi gengið hjá eina þróunaraðilanum hérlandis. Engu að síður hefur hér verið reynt að rýna í fýsileika sjávarfallanýtingar útfrá tiltækum gögnum. Þess hefur verið gætt að láta texta hinna erlendu heimilda halda sér, til að hver sem er geti dregið sínar heildarniðurstöður. Íslenski textinn er hið eina sem ritað er til að lýsa verkefnum og hagsmunum Valorku ehf.

Hér verður litið á samandregnar niðurstöður kaflanna hér á undan. Þessi samandráttur er þó á engan hátt tæmandi, enda eru frumtextar í sjálfum köflunum hin eina rétta útlekking á efni þeirra.

Umfang sjávarorku heims og flokkun nýtingaraðferða (kafli 1)

Að mati IEA-OES gæti sjávarorka heims fullnægt núverandi raforkunotkun heimsins, 20.000 TWst, væri hún nýtt. Telur stofnunin að raforkuframleiðsla úr sjávarorku gæti orðið 748 GW árið 2050 og skapað 160.000 bein störf um árið 2030. MRC metur umfang sjávarorku heims mun meira, eða 100.000 TWst, sem myndi nægja meira en 8 milljón heimilum og meiri en orkuþörf heimsins. ESB telur að sjávarorka við strendur Evrópu gæti mætt 10% af orkuþörf þar fyrir árið 2050.

Nokkrar megingerðir sjávarfallahverfla eru í þróun. Skrúfuhverflar eru komnir lengst; nokkrir slíkir hafa verið í tilreynakeyrsli með raforkuframleiðslu í nokkur ár. Þeir eru þungir, dýrir, hafa nokkur umhverfisáhrif og henta einungis í mesta straumnum.

Gegnumstreymishverflar eru hentugri en skrúfuhverflar til notkunar á litlu dýpi, t.d. í annesjaröstum (sjá t.d. „Current tidal power technologies“ o.fl.). Hverfill Valorku er skyldur gegnumstreymishverflum. Hann er léttur, ódýr, án nokkurra þekktra umhverfisáhrifa og hannaður sérstaklega til notkunar í algengum röstum.

Mat á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávarorku hefur jafnan miðast við þá fáu skrúfuhverfla sem komnir eru lengst í þróun og hafa verið í tilraunakeyrsli í nokkur ár. Hinsvegar hafa þeir ekki getu til að nýta nema um 1% nýtanlegrar sjávarorku við strendur heimsríkja. Hverflar sem hafa getu til

nýtingar lægri straumhraða munu margfalda það nýtingarhlutfall sjávarorkuauðlinda sem hingað til hefur verið miðað við. Í fræðiritgerð hér að framan (bls 9) er lýst vönduðum rannsóknum í þessu efni, þar sem niðurstaðan er sú að „3. kynslóð sjávarfallahverfla“ muni sjöfalda nýtanlega orku miðað við þá „1. kynslóð“ sem eru skrúfuhverflar. Hverfill Valorku er af þessari þriðju kynslóð, þar sem hann hver getu til orkuvinnslu úr sjávarföllum um og undir 1,5 m/sek að straumhraða. Sú staðreynd ætti að verða stjórnvöldum, styrktaraðilum og öðrum áminning um mikilvægi þessarar íslenku tækni.

Staða verkefna til nýtingar sjávarfallaorku (kafli 2)

Helstu nýtingaraðferðir sjávarorku eru: sjávarfallavirkjun; ölduvirkjun; hitastigulsvirkjun og seltumunavirkjun. Aðferðir til nýtingar sjávarfalla má síðan flokka eftir tækni í stífluvirkjanir; skrúfuhverfla; gegnumstreymishverfla (þ.m.t. þverstöðuhverfil Valorku); og vængvirkjanir.

Virkjuð sjávarfallaorka í lok ársins 2017 var 529 MW, þar af um 90% með stífluvirkjunum. Aðrir sjávarfallahverflar framleiddu um 17 MW í tilraunaskyni, en skrúfuhverflar eru 76% þeirra sem nú eru í þróun. Mikil og síaukin áhersla er á að ná tökum á nýtingu hinnar hreinu, endurnýjanlegu og fyrirsjáanlegu sjávarfallaorku, og ríkir aukin bjartsýni á árangur. Miklar framfarir hafa orðið með þróun búnaðar fyrir sjávarfallavirkjanir. T.d. varðandi botnfestingar, rafala og aðferðir til orkujöfnunar og geymslu.

Talið er í skýrslu Ren21 að heildarupphæð sem varið hefur verið til þróunar sjávarorkutækni frá árinu 2016 nemi um 200 milljónum USD. Á sama tíma hafa minnkað verulega fjárveitingar til þróunar á sviði vatnsafls og jarðhita.

Hagkvæmni nýtingar sjávarfallaorku (kafli 3)

Í skýrslunni er sjónum beint að orkuverði frá sjávarfallahverflum; öðrum en stífluvirkjunum. Mjög erfitt er að spá fyrir um verð á sjávarfallaorku af nokkru viti. Ástæðan er einkum sú að tækni til nýtingar sjávarfallaorku er enn öll á byrjunarstigi. Raforka er eingöngu framleidd með frumgerðum í tilraunaskyni og engin fjöldaframleiðsla hafin. Nánast engin framleiðsla er hafin frá öðrum gerðum en skrúfuhverflum, sem eru mun dýrari og allt annarrar gerðar en t.d. hverfill Valorku. Engu að síður hafa nokkrir virtir aðilar reynt að rýna í hugsanlegt verðlag út frá þessum fátæklegu forsendum, en niðurstöður þeirra eru að vonum mjög misvísandi.

Alþjóða orkuráðið (WEC) er að vanda svartsýnt á óhefðbundna orkuöflun og telur orkuverðið verða um 440 \$/MWst (51.040 kr/MWst m.v. gengi 11.10.2018). Alþjóða orkumálastofnunin IEA telur að byrjunarverð gæti orðið á þeim nótum, en strax eftir að 10 GW framleiðslugetu er náð muni það lækka í um 100 €/MWst (13.400 kr/MWst), og verða sambærilegt við orkuverð vindorkuvera. Rannsóknamiðstöð Evrópusambandsins (ESB-JRC) telur að í byrjun verði verðið 0,62 €/kWst (83.000 kr/MWst); árið 2025 verði það komið niður í 0,15 €/kWst (20.000 kr/MWst) og árið 2030 verði það 0,1 € kWst (13.000 kr/MWst). Fræðimenn nokkurra háskóla reyndu að meta verðið og komust að þeirri niðurstöðu að verð frá sjávarfallavirkjunum muni í fyrstu verða um 190 €/MWst (25.460); frá ölduvirkjunum um 225 € MWst (30.150 kr/MWst) og frá vindorkuverum 165 €/MWst (22.110 kr/MWst). Samráðshópur um sjávarfallavirkjanir í Kanada (MRC) telur að orkuverð sjávarfallavirkjana, eftir fyrstu 100 MW virkjuð, muni verða 150 £/MWst (23.100 kr/MWst; eftir virkjun 200 MW verði það 130 £/MWst (20.020 kr/MWst) og eftir 1 GW virkjun verði það komið niður í 90 £/MWst (13.860 kr/MWst). Bjartsýnustu spána er að finna á vefsíðu Tidal Sails, sem þróar tækni sem kemst næst hverfli Valorku, þó líklega sé tækni Valorku enn hagkvæmari. TS telur að eftir að fjöldaframleiðslu er náð muni fyrirtækið geta selt orku fyrir 0,05 €/kWst (6.700 kr/MWst).

Eins og vænta má eru þessar niðurstöður ekki allar sammála. Vönduðustu spárnar eru líklega þær sem IEA hefur látið frá sér, enda byggja þær á skoðun margra þátta og varfærnu mati. Þær niðurstöður eru í samræmi við mat ESB og Kanadamanna, og segja að eftir að framleiðsla er hafin að einhverju marki muni verð orku frá sjávarfallavirkjunum verða sem svarar 13.400 kr/MWst. Það verði þá vel samkeppnishæft við t.d. orkuverð frá vindorkuverum. IEA telur að smærri sjávarfallavirkjanir muni verða hagkvæmari en þær stærri, og fær það álit stuðning í fleiri rannsóknaniðurstöðum.

Varðandi samkeppnihæfni þarf að hafa í huga að orkuverð mun að óhjákvæmilega hækka verulega frá þeim hefðbundnu orkuverum sem valda umhverfisspjöllum eða loftmengun. Í þeim efnun nægir að benda á vaxandi meðvitund almennings um náttúruvernd og svartsýnar skýrslur loftslagsráðs SP.

Gagnrýnendum sjávarfallavirkjunar verður tíðrætt um framleiðslustöðvun á fallaskiptum. Hana verður auðvelt að brúa með ýmsum þekktum leiðum. IEA telur að nýting sjávarfallahverfla verði um 42%, en eigi að síður muni þeir skila því samkeppnisfæra verði sem áður segir þegar framleiðsla hefst.

Umhverfisáhrif sjávarfallaorkuvera (kafli 4).

Vitnað er í skýrslur, bæði alþjóðastofnana og fræðimanna. Þar á meðal er áhugaverð LCA-greining á Kobold-hverflinum. Hún leiðir í ljós að umhverfisáhrif eru hverfandi lítil, og nánast engin í samanburði við t.d. orkuframleiðslu með jarðefnaeldsneyti. Mest eru áhrifin af smíðum og framleiðslu, en einnig nokkur af botnfestingum úr steinsteypu. Jafnvægi í notkun og framleiðslu orku næst mjög fljótt í starfrækslu hverfilsins. Þess má geta að hverfill Valorku verður án nokkurra þessara neikvæðu þátta; t.d. steinsteypu.

Vitnað er til ítarlegra rannsókna á áhrifum sjávarfallahverfla á setflutninga á hafsbótnei, en niðurstaða þeirra er að hverflar sem ekki sitja á botninum hafa hverfandi áhrif á setflutninga í samanburði við náttúrulegar breytingar. Sama er að segja um áhrif á lífríki: Bæði skýrslur Ren21 og IEA eru sammála um að sjávarfallahverflar hafi hverfandi áhrif á lífríkið. Allar eru þessar niðurstöður þó með fyrirvara varðandi það að frekari rannsókna sé þörf ef fjöldi hverfla verður mjög mikill á sama svæði.

Helstu umhverfisáhrif hverfla sem Valorka hefur bent á í sínum skýrslum verða hugsanlega þörf á samræmingu virkjunarsvæða og veiðisvæða. Ólíklegt er þó að þeir hagsmunir skarist víða.

Stefnumótun varðandi sjávarorkunýtingu (kafli 5)

Nýting sjávarorku er án nokkurs vafa vænlegur valkostur í þeim orkuskiptum sem öll heimsríki þurfa að standa sameiginlega að, ef takast á að ná viðunandi árangri í loftslagsmálum samkvæmt m.a. skuldbindingum heimsríkja í Parísarsáttmálanum. Einnig þarf að huga sérstaklega að kostum sjávarfallavirkjana fyrir eyjar og önnur afskekkt samfélög. Stjórnvöld þurfa að leggja stóruka áherslu á alla stefnumótun varðandi sjávarorkunýtingu og sjávarorkutækni. Tryggja þarf með stefnumótun að stuðningsumhverfi og sjóðir stuðli að rannsóknum og þróun á þessu sviði, ásamt því að tryggja faglega stjórnsýslu í skipulags- og leyfamálum er varða sjávarorkunýtingu. Stuðningur við þróun og rannsóknir þarf að vera markviss og samfelldur, en reynsla Valorku hefur leitt í ljós verulega annmarka á því. Niðurstaða Ren21 er sú að „nauðsyn sé á umbyltingu á orkukerfum heimsins. Orkuöflun sem hingað til hefur byggst á jarðefnaeldsneyti verður héðan í frá að byggja á endurnýjanlegri orku“.

Ísland er eftirbátur annarra heimsríkja varðandi stefnumótun á sviði sjávarorku. Sjá má af samantekt IEA-OES sem vitnað er til í kaflanum að 26 heimsríki hafa á einhvern hátt mótað sér stefnu sem stuðlar að framgangi og nýtingu sjávarorkutækni. Hérlandis ríkir enn fullkomið sinnuleysi í þessum efnun; þrátt fyrir að Ísland teljist í hópi velmegunarríkja; þrátt fyrir skuldbindingar Íslendinga í Parísarsáttmálanum; þrátt fyrir að við Ísland séu firnamiklar auðlindir sjávarfallaorku og þrátt fyrir að

hérlandis sé tækniþróun komin lengst varðandi nýtingu algengra hægstrauma annesjarasta. Vegna stefnuleysis íslenskra stjórnvalda hefur það frumkvæði enn á ný verið sett í hættu.

Nýtingarmöguleikar sjávarorku við Ísland (kafli 6)

Engar rannsóknir hafa verið gerðar á umfangi eða nýtingarmöguleikum sjávarorku við Ísland, og engar vísindalegar straumamælingar liggja fyrir í annesjaröstum sem unnt væri að byggja slíkar rannsóknir á. Vilji Alþingis í þessa átt kom þó skýrt í ljós við samþykkt þingsályktunar í þessum efnum árið 2014, en tillaga þess efnis kom fram í kjölfar skýrslu Valorku til Alþingis árið 2011. Nefnd sem ráðherra skipaði í framhaldi af þingsályktuninni skilaði niðurstöðum sem um margt eru á skjön við fyrirliggjandi heimildir. Þar eru þó lagðar til rannsóknir á sjávarfallaorku, en stjórnvöld hafa enga tilburði enn sýnt í átt til framkvæmda.

Umfang sjávarfallaorku hefur nokkuð verið rannsakað í grannríkjum okkar; Írlandi, Bretlandi, Noregi og Kanada. Séu þær niðurstöður yfirferðar á Ísland með einföldum hlutfallareikningi eftir flatarmáli landanna má ætla að heildarorka sjávarfallaorku við Ísland sé um 337 TWst/a. Einungis hluti þess er virkjanlegur, en nýtingarhlutfallið er háð tækninni sem tiltæk er hverju sinni. Ekki er þó óraunhæft að ætla að hér við land séu nýtanlegar yfir 30 TWst/a af sjávarfallaorku, en það jafngildir nokkurnvegin því sem talið er hámark samanlegs virkjaðs afls vatnsafls og jarðhita. Nauðsynlegt er að hafa í huga að sjávarfallaorka er ekki ágeng við umhverfi, líkt og vatnsafls- og gufuafsvirkjanir.

Helstu straumasvæði landsins eru þrjú; Breiðafjörður; Vestfirðir og Austfirðir, en víða eru stakar rastir við annes á öðrum svæðum. Einungis sumstaðar í Breiðafirði væri hugsanlegt að nýta skráfuhverfla sem nú eru komnir lengst í þróun, og þurfa yfir 2,5 m/sek straumhraða. Látraröst er öflugasta annesjaröstin, en þar fer straumhraði yfir 2,5 m/sek. Yfirleitt er þó straumur mun hægari í annesjaröstum, þó þar geti verið mikið orkumagn. Til að nýta þá dreifðu orku þarf stóran hverfil en um leið ódýran í stofn- og rekstrarkostnaði. Hverfill Valorku stendur nú næst því af öllum hverflum sem komnir eru á stig sjóprófana, að uppfylla þessi skilyrði. Honum er ætlað að vinna orku úr 0,5 til 2 m/sek straumhraða; vera ódýr; umhverfisvænn og auðveldur í meðförum. Valorka hefur bent á að með virkjun rasta kringum landið or tengingu þeirra við orkukerfið megi fá nokkra samfellu í orkuframleiðslu þeirra, þrátt fyrir fallaskipti. Einnig hefur Valorka bent á kosti þess að nýta sjávarfallaorku fyrst og fremst til húshitunar, en sú framleiðsla er tiltölulega ódýr og kallar ekki á jöfnunarúrræði vegna fallaskipta. Valorka er nánast eini þróunaraðili sjávarfallahverfla hérlandis, en þó er vitað af tveimur frumkvöðlum öðrum sem eru mun skemmra komnir og hafa notið leiðsagnar Valorku.

Viðhorf og stefnumótun íslenskra stjórnvalda (kafli 7)

Viðhorf íslenskra stjórnvalda í orkumálum eru mótuð af langvarandi þjónustu við orkufyrirtæki sem starfa á sviði vatnsfalla- og jarðhitaorku. Viðhorf stjórnvalda gagnvart sjávarorkunýtingu hafa öll litast af þessum hagsmunum, og líklega er það höfuðástæðan fyrir því andvaraleysi andúð á nýtingu sjávarorku sem m.a. hefur komið niður á verkefnum Valorku ehf í þeim mæli að jafnvel mætti nefna andúð. Íslensk stjórnvöld eru skuldbunin til þess, samkvæmt Parísarsáttmálanum, að styðja þróun sem stuðlar að markmiðum sáttmálans; líkt og verkefni Valorku gerir án nokkurs vafa. Þau hafa hinsvegar staðið að ýmsum ráðstöfunum sem hindrað hafa verkefnið. Má þar nefna lagabreytingu á Orkusjóði árið 2014, sem varð til þess að sjóðurinn telur sér ekki heimilt að styðja þróun nýrrar orkutækni. Þá hefur Tækniþróunarsjóður ítrekað synjað verkefninu um styrki, sem er bein afleiðing af stefnuleysti stjórnvalda varðandi þróun nýrrar orkutækni. Í þriðja lagi hafa stjórnvöld látið undir höfuð leggjast að hefja rannsóknir á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávarorkutækni, þrátt fyrir brýna þörf sem Valorka hefur margsinnis bent á.

Nauðsynlegt er að íslensk stjórnvöld átti sig á skuldbindingum sínum samkvæmt Parísarsáttmálanum varðandi þróun nýrrar orkutækni; átti sig á nauðsyn þess að undirbúa nýtingu nýrra orkuauðlinda þjóðarinnar í þágu komandi kynslóða og átti sig á þeim tækifærum sem nú eru í boði með verkefnum Valorku áður en það er um seinan.

Að lokum:

Fáeinir tilvísanir sem vitna um bjartsýni í skýrslum alþjóðastofnana varðandi sjávarorkunýtingu:

Ren21: „OCEAN ENERGY INDUSTRY: Optimism prevailed in the industry in 2017, particularly in Europe, where some technologies advanced enough to be on the brink of commercialisation“.

World Energy Council: „The conversion of ocean energy resources to electricity could play an important role in meeting rising global energy demand, mitigating climate change, diversifying our energy supply and bolstering economic activity“.

IEA-OES: „The small scale technologies claim to offer lower capital costs per kW installed. The future cost reduction trend for large scale technologies is significantly greater than that of the small technologies“....

„The data provided for his project suggests that the smaller scale technologies could offer a lower LCOE in the short term, with greater opportunity to achieve cost reduction targets through up-scaling of technology. Larger scale technology will reach cost competitiveness with the smaller scale technologies only after considerable deployment has taken place.“

„Countries are faced with the challenge of achieving energy security, environmental protection and economic competitiveness. Ocean energy could contribute to these objectives in the medium to long term; provided that policies, which establish support mechanisms to stimulate market deployment and intensify R&D funding are implemented by their governments. Activities in these areas are growing, across the world“.

ESB: Ocean energy roadmap: Tidal stream technology is at a stage along its development path which requires full-scale demonstration projects supported by the right policy and economic conditions. It is expected that the demonstration farms phase will be underway by 2020, by which time around 100MW of capacity could be deployed in Europe alone.

Resource assessment for future generations of tidal-stream energy arrays: „Furthermore, developing technology to harvest peak spring tide velocity flows (SV) above 1.5 m/s, and all water depths, would allow (with the correct strategy) constant electricity (base load) to be generated due to the greater diversity of tidal phasing between sites“. Hér er átt við 3.kynslóð sjávarfallahverfla, en þar er hverfill Valorku kominn lengst allra í þróun.

